- Dauðhreinsuð efni til að stöðva blæðingar, enda geti líkaminn tekið þau til sín.
- Efni til skyggingar við röntgenrannsóknir og rannsóknarefni við lækni-skoðanir til notkunar útvortis eða innvortis (þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 30.02), jafnt óblönduð efni í skömmtum sem blönduð efni.
- Sement til tannviðgerða og annað tannfyllingarefni.
- Kassar og annað þess háttar með gögnum til hjálpar í viðlögum.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
30.01	00	Kirtlar og önnur líffæri til lækninga, þurrkuð, mulin eða ómulin; extraktar af kirtlum eða öðrum líffærum eða úr safu þeirra til lækninga; önnur efni úr dýraríkinu framleidd til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma, enda séu þau ekki talin eða innifalin annars staðar	15%
30.02	00	Antísera, bóluefni, toxín og hreinræktaður sýklagróður (hér með talinn smáveru-gróður, sem komið getur af stað gerjun, þó ekki ger) ásamt öðrum þess konar vörum	15%

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
30.03	Lyf, einnig til dýralækninga:		
	01 Sælgæti (medicated sweets)	70%	
	09 Annað	15%	
30.04	00 Vatt, bindi og aðrar þess konar vörur (t. d. sáraumbúðir, hefti-plástur, bakstrar) gegndreyptar með efnum til lækninga eða í smá-söluumbúðum, sem bera þess greinileg merki, að um vörur til lækninga sé að ræða (að undanteknum vörum nefndum í 3. lið athugasemdanna við þennan kafla)	35%	
30.05	00 Aðrar vörur til lækninga	35%	

31. kafli.**Áburður.****Athugasemdir :**

1. Til tollskrárnúmers 31.02 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
 - A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
 1. Natriumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16.03% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 2. Ammóníumnítrat, einnig kemískt hreint.
 3. Ammóníumsúlfatnítrat, einnig kemískt hreint.
 4. Ammóníumsúlfat, einnig kemískt hreint.
 5. Kalsíumnítrat, sem inniheldur ekki meira en 16% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 6. Kalsíummagnésíumnítrat, einnig kemískt hreinsað.
 7. Kalsíumcyanamíd, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunarefni, miðað við þunga, einnig þótt það hafi sætt meðferð með oliu.
 8. Þvagefni (urea), sem inniheldur ekki meira en 45% af köfnunarefni, miðað við þunga.
 - B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
 - C. Áburður búinn til úr ammóníumklórídi eða einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
 - D. Fljótandi áburður úr vatns- eða ammóniakupplausn ammóníumnítrats eða þvag-efnis, sbr. málsg. 1 A, eða blöndum þessara efna.
2. Til nr. 31.03 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í nr. 31.05:
 - A. Vörur, sem ein eða önnur eftirfarandi lýsing á við:
 1. Tómasgjall.
 2. Kalsíumfosföt gerð auðleystari með upphitun, glæðingu eða bræðslu og náttúrleg kalsíumalúminfosföt, sem sætt hafa sams konar meðferð.
 3. Súperfosföt (ein-, tví- eða þríföld).
 4. Dikalsíumfosfat, sem inniheldur a. m. k. 0,2% af flúór, miðað við þunga.
 - B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
 - C. Áburður búinn til úr einhverjum þeirra efna, sem nefnd eru í A- eða B-lið hér að ofan, og blandaður kalki, gipsi eða öðrum ólífrænum efnum, sem ekki hafa áburðargildi, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
3. Til nr. 31.04 teljast einungis eftirgreindar vörur, enda séu þær ekki mótaðar eða í smásöluumbúðum eins og lýst er í tollskrárnúmeri 31.05:
 - A. Vörur, sem ein eða önnur eftirgreind lýsing á við:
 1. Óhreinsuð náttúrleg kalíumsölt (t. d. karnallit, kainit, sylvinit).
 2. Óhreinsuð kalíumsölt fengin sem úrgangur við framleiðslu á sykurrófnamelassa.
 3. Kalíumklóríd, einnig kemískt hreint (þó ekki vörur nefndar í 6. málsg. c).
 4. Kalíumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 52% K_2O miðað við þunga.
 5. Kalíummagnésíumsúlfat, sem inniheldur í mesta lagi 30% K_2O miðað við þunga.
 - B. Áburður blandaður úr einhverjum af þeim efnum, sem nefnd eru í A-lið hér að ofan, og skiptir hreinleiki efnanna þá ekki máli.
4. Ammóníumfosföt, sem innihalda 6 mg eða meira af arseni í hverju kg, teljast til nr. 31.05.

5. Magnhlutföll þau, sem um er getið í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4, skulu miðast við þurrefni efnisins.
6. Til þessa kafla telst ekki:
- Dýrablóð, er telst til nr. 05.15.
 - Aðgreind, kemískt skilgreind sambönd (þó að undanteknum efnunum þeim, sem nefnd eru í málsgreinunum 1A, 2A, 3A og 4).
 - Ræktaðir kalíumklórídkristallar (aðrir en til ljóstækniáhalda), sem vega a. m. k. 2½ g hver (nr. 38.19), en efni til ljóstækniáhalda úr kalíumklórídi teljast til nr. 90.01.

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
31.01	00	Gúanó og önnur náttúrleg áburðarefni úr jurta- og dýraríkinu, einnig blönduð saman, enda hafi efnin ekki sætt kemískri meðferð	0	
31.02		Köfnunarefnisáburður úr steinaríkinu eða kemískur köfnunarefnisáburður:		
	10	Natríumnítrat náttúrlegt	0	
		Annar köfnunarefnisáburður:		
	21	Kalkammonsaltþétur	0	
	22	Kalksaltþétur (kalsíumnítrat)	0	
	23	Tröllumjöl (kalsíumcyanamíd)	0	
	29	Annars	0	
31.03		Fosfóráburður úr steinaríkinu eða kemískur:		
	10	Tómasgjall (thomasfosfat)	0	
		Annar fosfóráburður:		
	21	Súperfosfat	0	
	29	Annars	0	
31.04		Kalíáburður úr steinaríkinu eða kemískur:		
	10	Kalísölt óhreinsuð, náttúrleg	0	
		Annar kalíáburður:		
	21	Kalíumklóríd	0	
	22	Kalíumsúlfat	0	
	29	Annars	0	
31.05		Annar áburður; hvers konar áburður, sem telst til þessa kafla og er mótaður í töflur eða svipað form, eða er í svo smáum umbúðum, að hvert stykki vegi 10 kg eða minna brúttó:		
	01	Nítrófoska	0	
	02	Áburður í smásöluumbúðum 10 kg eða minni, svo og áburður í töflum o. þ. h.	40%	
	09	Annars	0	

32. kafli.

Sútunar- og litextraktar, sútnarsýrur og derivatar þeirra, litarefni, lökk og aðrar málningavörur, kítí, spartl, prentlitir, blek og túsk.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd (þó ekki þau efni, sem teljast til nr. 32.04 eða nr. 32.05, ólífræn ljósnæm efni í 32.07 ásamt uppleysanlegum litarefnum mótuðum til smásölu eða í smásöluumbúðum í nr. 32.09).
 - b. Tannöt og aðrir tannínderivatar þeirra efna, sem teljast til nr. 29.28—29.42, 29.44 eða 35.01—35.04.
2. Til nr. 32.05 teljast blöndur ætlaðar til framleiðslu á azólitarefnum á spunatrefjum gerðar úr díazóníumsöltum og tengiliðum til myndunar litarefnisins og haldið með sérstökum efnunum í óbreyttu ástandi.
3. Til nr. 32.05, 32.06 og 32.07 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr tilbúnum lífrænum litarefnum (þar með talin pigment), litlökkum eða öðrum litandi efnunum og sé framleiðslan ætluð til blöndunar í plast, gúmmí og önnur þess konar efni í litunar skyni eða til tilbúnings á litum til prentunar á vefnaði. Til þessa númers teljast þó ekki tilreiddir pigmentlitir, sem nr. 32.09 tekur til.
4. Til nr. 32.09 teljast upplausnir (aðrar en „collodions“) af efnunum þeim, sem talin eru í nr. 39.01—39.06, í rokgyörnum lífrænum upplausnarefnum, enda sé upplausnarefnið meira en 50% upplausnarinnar, miðað við þunga.
5. Orðið *litarefni* í þessum kafla tekur ekki til efna, sem notuð eru sem fylliefni í olíulíti, enda þótt einnig sé hægt að nota þau sem pigment í distemper og aðra slíka vatnslíti.
6. Með *prentþynnum*, sem teljast til nr. 32.09, er einungis átt við slík efni eins og þau sem notuð eru til prentunar, t. d. gyllingar á bókbandi og prentunar á hattböndum og gerð eru með þeim hætti, er hér segir:
 - a. Þunnar arkir úr málmdufti (einnig gödmálumum), sem haldið er saman með lími, gelatíni eða öðru bindiefni.
 - b. Málmur (t. d. gull eða alúmin) eða pigment á pappír, plasti eða öðru berandi efni.

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
32.01	00	Sútnarefnaextraktar úr jurtaríkinu	0	
32.02	00	Sútnarsýrur (tannin), þar með talið galleplataannín dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum	0	
32.03	00	Tilbúin sútnarefni, einnig blönduð náttúrlegum sútnarefnum; tilbúinn bæs til sútnar (t. d. enzym-, pankreas- eða gerlabæs)	0	
32.04		Litarefni úr jurtaríkinu (þar með taldir víðarlitarextraktar og aðrir litarextraktar úr jurtaríkinu, þó ekki indígó) eða úr dýraríkinu:		
	01	Barkarlitur (veiðarfæralitur)	2%	
	02	Bæs	30%	21%
	09	Önnur	15%	
32.05	00	Tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni); tilbúin lífrænir, ljósnæmir litir; bleikjandi lífræn efni, er festast við trefjarnar; náttúrlegt indígó	15%	
32.06	00	Litlökk (súbstrat pigment)	15%	
32.07	00	Önnur litarefni; ólífrænir, ljósnæmir litir	15%	
32.08	00	Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og		

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
	glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur	20%	
32.09	Lökk, tær eða með pigmenti; distemper, vatnslitir til litunar á leðri o. þ. h.; málning og lökk; pigment rifin í línolíu, jarðterpen- tínu, fernis eða öðrum svipuðum efnum notuðum við framleiðslu á málningu; prentþynnur; uppleysanleg litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum:		
	01 Blakkfernis	35%	25%
	02 Prentþynnur	30%	
	09 Annars	60%	40%
32.10	00 Litir til listmálunar, kennslu, auglýsingagerðar, litblæbreytinga og annars þess konar, í töflum, skálpum (túbum), krukum, flöskum, skálum eða öðru svipuðu, þar með taldar litasamstæður með eða án pensla, skála, litspjalda eða annars, er málun heyrir til	35%	
32.11	00 Þurrkefni	35%	25%
32.12	00 Kíttri, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; ágræðslukvoða	60%	40%
32.13	Blek, prentlitir og aðrir þess konar litir:		
	10 <i>Prentlitir</i>	10%	
	20 <i>Blek, túsk og aðrir þess konar litir, þó ekki prentlitir</i>	50%	

33. kafli.

Rokgjarnar olíur úr jurtaríkinu og resinóid; ilmvötn,
hreinlætis- og snyrtivörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Framleiðsla gerð að nokkru leyti úr alkóhóli til notkunar í drykkjarvörur til bragðbætis (nr. 22.09).
 - b. Sápa (nr. 34.01).
 - c. Terpentínolía og önnur efni, sem teljast til tollskrárnúmers 38.07.
2. Til nr. 33.06 teljast m. a. vörur, einnig óblandaðar (þó að undanskildum vörum, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar og eru í smásöluumbúðum, er gefa til kynna, að nota eigi vöruna sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar.

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
33.01	00	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnaðar), fljótandi eða fastar; resinóid	30%	
33.02	00	Terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum	30%	
33.03	00	Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enflourage eða maceration	30%	
33.04		Blöndur af tveim eða fleiri ilmandi efnum (náttúrlegum eða tilbúnum) og blöndur (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginefni úr einu eða fleiri þessara efna, enda sé um að ræða hráefni til ilmvatnsgerðar, matvæla- eða drykkjaframleiðslu eða annars iðnaðar:		
	01	Bragðbætandi efni til iðnaðar	20%	
	02	Ilmefti til iðnaðar	20%	
	03	Bökunardropar	55%	
	09	Annað	20%	
33.05	00	Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga	40%	
33.06		Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur:		
	01	Hárliðunarvökvar, hárlíðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni	100%	
	02	Andlitsduft	100%	
	03	Húðkrem og húðolía	100%	
	04	Ilmvötn	100%	
	05	Naglasnyrtiefni	100%	
	06	Rakkrem	100%	
	07	Tannsnýrtiefni	50%	
	08	Varalitur	100%	
	09	Annað	100%	

34. kafli.

Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvotta- og hreingerningarefni, smurefni, tilbúið vax, tilreiddar vaxblöndur, fægi- og ræstiefni, kerti og aðrar þess konar vörur, mótunarefni og vax til tannviðgerða.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind efni.
 - b. Tannkrem, rakkrem og hárbvottaefni, enda þótt vörur þessar séu gerðar að einhverju leyti úr sápu eða lífrænu yfirborðsvirku efni (nr. 33.06).
2. Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni, einnig þótt í hana sé blandað öðrum efnum (t. d. sótthreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum).
3. Sem *olíur unnar úr jarðolíu eða olíur unnar úr tjörukennnum efnum* í nr. 34.03 skoðast einungis vörur þær, sem skýrgreindar eru í 3. athugasemd við 27. kafla.
4. Sem *vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni*, í nr. 34.04 skoðast einungis:
 - A. Blöndur af vaxi úr dýraríkinu, blöndur af vaxi úr jurtaríkinu eða blöndur af tilbúnu vaxi.
 - B. Blöndur ýmiss konar vaxtegunda (úr dýraríkinu, úr jurtaríkinu, úr steinaríkinu eða tilbúnar).
 - C. Vaxkennar blöndur, sem eru ekki jafnblandaðar og innihalda ekki upplausnarefni, gerðar að meginstofni úr einni eða fleiri vaxtegundum og innihalda auk þess feiti, harpíx, steinefni eða annars konar efni.
Til þessa númers telst ekki:
 - a. Vax það, sem telst til nr. 27.13.
 - b. Óblandað vax úr dýra- eða jurtaríkinu, sem einungis hefur verið litað.

		Tollskrártollur	Eftatollur
34.01	Sápa einnig lyfjasápa:		
01	Blautsápa	80%	55%
02	Handsápa (toiletsápa)	80%	55%
03	Raksápa	80%	55%
04	Sápa, föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01.02 og nr. 34.01.03)	80%	55%
05	Sápuspænir og sápuþuft	80%	55%
09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01.01-34.01.05	80%	55%
34.02	Lífræn yfirborðsvirk efni; yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni, einnig þótt þau innihaldi sápu:		
01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	80%	55%
02	Efnivörur til sýtunar og málningargerðar	20%	
09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	80%	55%
34.03	00 Smurefni og efnablöndur notaðar við olíu- og fitumeðferð vefnaðar, leðurs eða annarra efna, þó ekki efnablöndur, sem innihalda 70% eða meira, miðað við þunga, af olíum unnum úr jarðolíu eða olíum unnum úr tjörukennnum efnum		2%
34.04	00 Tilbúið vax (þar með talið vax leysanlegt í vatni), vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni		20%

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
34.05	Fægi- og gljáefni fyrir skófatnað, húsgögn, gólf eða málma, ræstiduft og aðrar þess konar vörur, þó ekki vaxblöndur, sem teljast til nr. 34.04.00:		
01	Bón alls konar	80%	55%
02	Ræstiduft	80%	55%
03	Skóáburður og leðuráburður	80%	
04	Slípimassi	20%	
09	Annað	80%	
34.06	00 Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum ..	80%	55%
34.07	00 Mótunarefni (þar með talin mótunarefni ætluð börnum til dæg- styttingar og samstæður af mótunarefni); vax og annað mótunar- efni til tannviðgerða í plötum, stöngum, skeifulaga eða öðruvísi í lögum	35%	

35. kafli.**Próteín, lím og klístur.**

A t h u g a s e m d :

Til þessa kafla telst ekki:

- a. Próteín, sem ætluð eru til lækninga (nr. 30.03).
- b. Póstkort og önnur grafísk verk úr gelatíni (49. kafli).

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
35.01	00	Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím	30%	
35.02	00	Albúmín, albúminöt og aðrir albúmínderivatar	25%	
35.03		Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrnum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím:		
	01	Lím annað en matarlím	30%	21%
	09	Annað	70%	
35.04	00	Pepton og önnur próteín og derivatar þeirra; húðaduft, einnig þótt það hafi krómsaltameðferð	25%	
35.05	00	Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkju-klístur	25%	
35.06		Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:		
	01	Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	40%	30%
	09	Annars	30%	21%

36. kafli.**Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.****Athugasemdir:**

1. Til þessa kafla teljast ekki aðgreind, kemískt skýrgreind efni önnur en þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 2. athugasemdar þessa kafla.
2. Til nr. 36.08 telst einungis:
 - a. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur þess konar efni, enda séu þau mótuð (t. d. í töflur, stengur eða á annan svipaðan hátt) og ætluð til notkunar sem eldsneyti, enn fremur eldsneyti að meginefni úr alkóhóli og annað svipað tilbúið eldsneyti sem fast efni eða deig.
 - b. Fljótandi eldsneyti (t. d. benzin) til notkunar í kveikjara, enda sé það í hylkjum, er ekki taka meira en 300 cm³.
 - c. Bik- og harpixblys, eldkveikjarar og aðrar þess konar vörur.

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
36.01	00	Púður	18%	
36.02	00	Sprengiefni tilbúin til notkunar, þó ekki púður	35%	
36.03	00	Kveikiþráður, sprengiþráður	35%	
36.04	00	Hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar	35%	
36.05	00	Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur	50%	35%
36.06	00	Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)	100%	
36.07	00	Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar	100%	
36.08	00	Önnur eldfim efni	80%	

37. kafli.**Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.****Athugasemdir:**

1. Til þessa kafla teljast ekki afklippur eða úrgangur.
 2. Til nr. 37.08 telst einungis:
 - a. Blönduð kemisk efni til ljósmyndagerðar (t. d. ljósnæmar jafnblöndur, framkallarar, festingar- og blæbreytingarsölt).
 - b. Óblönduð kemisk efni til notkunar í sama skyni, enda séu þau í hæfilega stórum skömmtum eða í smásöluumbúðum og tilbúin til notkunar.
- Til nr. 37.08 telst ekki lakk, klistur og önnur þess konar efni til notkunar við ljósmyndagerð.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
37.01	Ljósnæmar plötur og blaðfilmur, ólýstar, úr hvers konar öðru efni en pappír, pappa eða vefnaði:		
01	Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar	30%	
09	Aðrar	35%	
37.02	Ljósnæmar filmur í rúllum, ólýstar, einnig gataðar:		
01	Röntgenfilmur	30%	
02	Kvikmyndaafilmur	35%	
09	Aðrar	35%	
37.03	00 Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður	35%	
37.04	00 Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pósitoív	35%	
37.05	Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndaafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitoív:		
01	Filmur með lesmáli	0	
09	Annað	35%	
37.06	00 Kvikmyndaafilmur einungis með hljómbandi, lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitoív	35%	
37.07	00 Aðrar kvikmyndaafilmur, með eða án hljómbands, lýstar og framkallaðar, negatív og pósitoív	1 kg	50 kr.
37.08	00 Kemisk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)	35%	

38. kafli.

Ýmis kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd með þeim undantekningum, er nú greinir:
 1. Tilbúið grafit (nr. 38.01).
 2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spirun, rottueitur og önnur þess konar efni, er teljast til nr. 38.11.
 3. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar til notkunar í sama skyni (nr. 38.17).
 4. Efni nefnd í a-, c-, d- eða f-lið 2. athugasemdar hér að neðan.
 - b. Lyf (nr. 30.03).
2. Eftirtaldar vörur teljast til nr. 38.19 og einskis annars númeris:
 - a. Ræktaðir kristallar (aðrir en til ljóstækniáhalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenidum alkalímálma eða jarðalkalímálma, enda vegi hver kristall a. m. k. 2½ g.
 - b. Fúsilolía.
 - c. Blekeyðandi efni í smásöluumbúðum.
 - d. Leiðréttungalakk í smásöluumbúðum fyrir fjölritunarstensla.
 - e. Bræðanlegir leirmunir til hitamælinga (t. d. segerkeilur).
 - f. Gips sérstaklega tilreitt til notkunar við tannviðgerðir.
 - g. Blönduð alkyl mjög lágt pólýmeriseruð.

			Tollskrártollur	Eftatollur
38.01	00	Tilbúið grafit; hlaupkennt (colloidal) grafit annað en jafnblöndur þess í olíu	25%	
38.02	00	Dýrakol (t. d. beinsverta, filabeinssverta), einnig notuð	25%	
38.03	00	Ávirk kol (aflitandi, afskautandi eða aðsogandi), ávirkt kísilgúr, ávirkur leir, ávirkt alumíngrýti (bauxite) og önnur ávirk náttúrleg steinefni	25%	
38.04	00	Gasvatn og notaður gashreinsunarleir	25%	
38.05	00	Talíolía (tallsýra)	25%	
38.06	00	Innsöðinn súlfitlútur	25%	
38.07	00	Terpentínuolía og önnur upplausnarefni úr terpenum framleidd með eimingu eða annarri aðferð úr viði barrtrjáa (t. d. balsam-, trjá- og súlfatterpentina), óhreinsað dípenten, óhreinsað cymen, „pine-oil“	25%	
38.08	00	Kólófóníum og harpixsýrur ásamt derivötum þeirra (þó ekki harpixesterar, er teljast til nr. 39.05), harpixkjarni (pínólín) og harpixolíur	25%	
38.09		Viðartjara; viðartjörnuolíur (þó ekki upplausnarefni og þynnar, er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía:		
	01	Metanól óhreinsað	25%	
	02	Acetónolía	25%	
	09	Annað	25%	
38.10	00	Bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindi-efni (fyrir mótasand) að meginefni úr harpixefnum	25%	

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
38.11	Sóttreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírur, rottueitur og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofan nefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):		
01	Badlyf, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%	
02	Efni til að hindra spírur eða til eyðingar illgresis, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .	20%	
09	Annað	25%	
38.12	00 Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum	25%	
38.13	Bæs fyrir málma, bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun máлма og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmni og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðupráð:		
01	Lóðningar- og logsuðuefni	14%	
09	Annað	25%	
38.14	00 Efni til varnar banki í vélum, oxyderingu, tæringu eða harpíxmyndun, efni til aukningar á þykkt smurolíu og önnur svipuð efni til blöndunar í jarðolíu	25%	
38.15	00 Efni til hvatningar vúlkaniseringar	25%	
38.16	00 Efni til ræktunar smáverugróðurs	25%	
38.17	00 Blönduð efni og hleðslur til að slökkva eld; eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni	25%	
38.18	00 Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lakk og annað þess háttar	60%	40%
38.19	Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísks iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:		
	<i>Kemísk framleiðsla:</i>		
11	Hemlavökvi	35%	
12	Frostlögur	35%	
13	Sementsteypuþéttiefni	35%	
14	Kol til kolburstagerðar	21%	
15	Prófefni (reagenser)	25%	
16	Hvatar til iðnaðarframleiðslu	25%	
17	Naftanöt	25%	
18	Efnivörur til sútunar	0	
19	Önnur	50%	
20	Eldfast lím og mörtel	25%	

VII. flokkur.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti; náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið (syntetískt) gúmmí og faktis og vörur úr þessum efnum.

39. kafli.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti.

A t h u g a s e m d i r :

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
 - b. Tilbúið vax, er telst til nr. 34.04.
 - c. Tilbúið gúmmí eins og það er skýrgreint í 40. kafla og vörur úr því.
 - d. Reiðtygi og aktygi, er teljast til nr. 42.01, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga í nr. 42.02.
 - e. Efni til körfugerðar, vörur úr því og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
 - f. Tilbúin spunaefni og vörur úr þeim, er teljast til XI. flokks.
 - g. Skófatnaður, höfuðföt, regnhlífar, sóhlífar, göngustafir, svipur (keyri), blævængir og hlutar til nefndra vara og aðrar vörur, er teljast til XII. flokks.
 - h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
 - ij. Vélar, tæki, verkfæri, rafmagnstæki og vörur, er teljast til XVI. flokks.
 - k. Hlutar til farartækja, er teljast til XVII. flokks.
 - l. Ljóstæknivörur úr plasti, gleraugnaumgerðir, teikniáhöld og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
 - m. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur, úr og hlutar til þeirra).
 - n. Hjóðfæri, hlutar til þeirra og aðrar vörur, er teljast til 92. kafla.
 - o. Húsgögn, hlutar til þeirra og aðrar vörur í 94. kafla.
 - p. Burstar og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
 - q. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
 - r. Hnappar, rennilásar, greiður, pípumunnstykki, vindlingamunnstykki og annað þess háttar, hlutar til hitabrusa og annars þess háttar, pennasköft, skrúfblýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Nr. 39.01 og 39.02 taka einungis til eftirgreindra efna, sem framleidd hafa verið með kemískri samsetningu:
 - a. Plast, þar með talið gerviharpix.
 - b. Silíkon.
 - c. Resól, fljótandi polyisóbútylen og áþekk tilbúin efni framleidd með pólýmerisation eða pólýkondensation.
3. Nr. 39.01—39.06 taka því aðeins til efnanna, að þau séu þannig á sig komin, er nú skal greina:
 - a. Fljótandi eða deigkennd efni, þar með taldir jafnblöndur og upplausnir.
 - b. Stykki, klumpar, korn, flögur eða duft, þar með talið pressu- eða úðaduft.
 - c. Einþáttungar, sem hvergi eru minna en 1 mm í þvermál, saumlausar pípur og stengur með hvers konar þverskurði, einnig þótt þær hafi verið fagaðar á yfirborðinu, en ekki frekar unnar.

- d. Plötur, arkir, þynnur og bönd, óaprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, en ekki sniðin í annað en ferhyrnt lag og ekki frekar unnin.
- e. Úrgangur og rusl.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
39.01	Efni orðin til fyrir þéttingu (kondensation), fjölþéttingu (pólykondensation) og fjölaukningu (pólyaddition), einnig þótt þau séu blönduð öðrum efnum frekari vinnslu þeirra viðkomandi, og önnur náskyld efni (t. d. fenóplast, amínóplast, alkyd, pólyallylester og önnur ómettuð pólyester, sílíkon):		
01	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%	
02	Úpplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%	
03	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
04	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%	
05	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%	
06	Límbönd (tape)	25%	
07	Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
09	Annað	30%	
39.02	Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínýlklóríd, pólyvínýlacetat, pólyvínýlklórídacetat og aðrir pólyvínýlderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýrunderivatar, kúmarónindenharpix):		
	Úpplausnir, jafnblöndur, duft, hellur, klumpar og úrgangur:		
77	Polyethylen	10%	
78	Polystyren	21%	
79	Annað	15%	
83	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
84	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%	
85	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%	
86	Límbönd	25%	
87	Gólf dúkur og gólf flísar	35%	
88	Plötur til myndamótagerðar	7%	
91	Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
99	Annað	40%	30%
39.03	Endurunninn sellulósi, sellulósanítrat, sellulósaacetat og önnur sellulósaester, sellulósaeter og aðrir kemískir derivatar sellulósa, einnig blandað mýkiefnum (t. d. collodíum og celluloid); vólkanfíber:		
10	Vólkanfíber	21%	
	Annað:		
21	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%	

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
22	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%	
23	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
24	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	15%	
25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	25%	
26	Límbönd	25%	
27	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
29	Annars	30%	
39.04	Hert próteín (t. d. hert kaseín og hert gelatín):		
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%	
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	25%	
03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
09	Annað	30%	
39.05	Náttúrulegt harpíx ummyndað með bræðslu (t. d. bræddur kópall), gerviharpíx orðið til fyrir estrun á náttúrulegu harpíx eða harpíx- sýrum (harpíxester), kemískir derivatar af náttúrulegu gúmmí (kátsjúki), t. d. klórkátsjúk, kátsjúkhýdróklóríd, oxykátsjúk og hringliða (cyclised) kátsjúk:		
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%	
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	25%	
03	Límbönd	25%	
04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
09	Annað	30%	
39.06	Önnur fjöhlutaefni með háum sameindapunga, gerviharpíx og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:		
01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	15%	
02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	25%	
09	Annað	30%	
39.07	Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01-39.06:		
31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%	2%
32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%	4%
33	Lóðabelgir	4%	4%
34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%	
35	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%	
37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélapéttingar og hlið- stæðir smáhlutir til véla	25%	
38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	25%	
39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%	

	Tollskrár- tollur	Efta- tollur	
41	Geymar, ker og önmur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki ..	35%	
43	Skermar og hjálmur fyrir götuljósker	35%	
44	Flúrskínlampar	70%	50%
45	Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a.	90%	
46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m ³ og stærri	40%	30%
48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	40%	30%
51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%	
52	Verkfæri, ót. a.	25%	
53	Pokar, ót. a.	40%	30%
54	Hreinlætistöki	80%	
55	Dúkar og þynnur, tilniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	65%	45%
56	Fatnaður	65%	45%
58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%	70%
62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%	
63	Veggplötur, formsteyptar	40%	
64	Úraglós og úraarmbönd	50%	
65	Rúður	50%	
66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%	
67	Mjólkurumbúðir, þar með talið kassar um mjólkurflöskur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%	
68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%	30%
71	Girðingastaurar	10%	
72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	25%	
73	Skrautvörur	100%	
74	Burstahauser úr plasti	35%	
75	Bólur til gangbrautamerkinga	35%	
76	Töskuhandföng	30%	
89	Aðrar vörur úr plasti	70%	50%

40. kafli.

Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum.

A t h u g a s e m d i r :

1. Sé ekki annað tekið fram hér í tollskránni, tekur orðið *gúmmí* til eftirtaldrá vörutegunda, einnig vülkaniseraðra eða hertra: Náttúrlegs gúmmis (kátsjúks), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrlegs gúmmis, gervigúmmis, faktis framleidds úr olíum og til þessara vörutegunda endurunninna.
2. Þessi kafli tekur ekki til eftirgreindra vara úr gúmmí og spunaefnum, sem teljast yfirleitt til XI. flokks:
 - a. Þrjónavoð og heklvoð eða vörur úr þeim, teygjanlegur vefnaður eða vefnaður með innsettu eða innofnu gúmmí (annað en vélreimar, færi- eða lyftibönd eða reimar, úr gúmmikenndu þrjónuðu eða hekludu efni, sem telst til nr. 40.10); aðrar teygjanlegar spunavoðir eða vörur úr þeim.
 - b. Slöngur úr spunaefnum og áþekkar leiðslur úr spunaefni, þaktar eða fóðraðar með gúmmí að innanverðu (nr. 59.15).
 - c. Ofin spunaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmí (nema vörur, er teljast til nr. 40.10), ef
 1. þunginn er $1\frac{1}{2}$ kg/m² eða minna, eða
 2. þunginn er yfir $1\frac{1}{2}$ kg/m² og í vörinni er yfir 50% af vefnaðarefnum miðað við þunga.
 Einnig vörur úr þessum efnum.
 - d. Flóki, gegndreyptur eða þakinn með gúmmí, ef spunaefnin eru yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
 - e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmí, eða með gúmmí sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermetra, og vörur úr honum.
 - f. Dúkur úr trefjum límdum samhliða saman með gúmmí, hver svo sem þunginn er, miðaður við fermetra; einnig vörur úr þessum efnum.

Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmí, frauðgúmmí eða svampgúmmí, í tengslum við spunaefni, og vörur úr þeim, skulu þó teljast til 40. kafla, ef spunaefnið er aðeins notað til styrktar.
3. Til þessa kafla teljast ekki heldur eftirtaldar vörur:
 - a. Skófatnaður, hlutar til hans og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
 - b. Höfuðfatnaður, þar með taldar baðhettur, og hlutar til hans, sem teljast til 65. kafla.
 - c. Harðgúmmíhlutar til véla, áhalda og verkfæra, svo og aðrar þær vörur til rafmagnsiðnaðar, sem teljast til XVI. flokks.
 - d. Vörur, sem falla undir 90., 92., 94. eða 96. kafla.
 - e. Leikföng, leiktæki, íþróttatæki og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla, nema íþróttahanzkar og vörur, er teljast til nr. 40.11.
 - f. Hnappar, greiður, pípumunnstykki, pennasköft og aðrar vörur í 98. kafla.
4. Orðið *gervigúmmí* í 1. athugasemd hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
 - a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini, selen eða tellúr má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og sem má eftir beztu vülkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) mynda ósveigjanleg efni, sem við 15° til 20° C hita má teygja þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni, og, eftir að þau hafa verið teygð 2 sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan tveggja tíma þannig, að þau verða ekki yfir $1\frac{1}{2}$ sinnum upphafleg lengd sín.

Til slíkra efna teljast pólyisoprene (CIS), pólybútadíen, pólyklórbútadíen

(GRM), pólybútadien-styren (GRS), pólyklórbútadien-acrylónitril (GRN), pólybútadien-acrylónitril (GRA) og bútylgúmmí (GRI).

- b. „Thioplasts“ (GRP).
 - c. Náttúrulegt gúmmí breytt við samruna eða blöndun við gerviplast, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.
5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki:
- a. Náttúrulegt og tilbúið gúmmilatex (þar með talið forvúlkaniserað gúmmilatex) blandað vúlkaniseringsefnum eða hvetjandi efnum, fylliefnum eða styrktarefnum, mýkingarefnum, litarefni (þó ekki litarefni, sem aðeins er bætt við til auðkenningar) eða öðrum efnum; þó telst latex, sem aðeins hefur verið stöðlað eða innsóðið, og latex, sem er viðkvæmt fyrir hita, og elektrópositívt latex, til nr. 40.01 eða 40.02, hvort sem við á.
 - b. Gúmmí, sem hefur verið blandað sóti (einnig með viðbót af jarðolíu) eða kísilsýru (einnig með viðbót af jarðolíu) á undan útfellingu eða hvers konar efni eftir útfellingu.
 - c. Blöndur þeirra efna, sem tilgreind eru í athugasemd 1 við þennan kafla, einnig með viðbót annarra efna.
6. Þráður, sem er úr toggúmmí einu og er yfir 5 mm í þvermál, telst til nr. 40.08, og skiptir lögun þverskurðarins ekki máli.
7. Til nr. 40.10 teljast vélareimar og færíbönd úr spunaeftum, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmí, eða gerð úr spunagarni — einþráða, fleirþráða eða með kaðalgerð — gegndreyptu eða þöktu gúmmí.
8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaniserað gúmmilatex vera óvúlkaniserað gúmmilatex. Í nr. 40.07—40.14 skal balata, gúttaperka og áþekk náttúruleg teygjanleg efni, og faktis unnið úr olíu, og slík efni endurunnið úr þessum vörutegundum, teljast vúlkaniserað gúmmí, einnig þótt þær hafi ekki verið vúlkaniseraðar.
9. Sem *plötur, þynnur og bönd* í nr. 40.05, 40.08 og 40.15 teljast aðeins plötur, þynnur og bönd óáprentuð, áprentuð eða öðruvísi unnin á yfirborði, en ekki tilsniðin nema í réttthyrnd stykki og ekki frekar unnin. Orðin *stengur* og *prófilar* í nr. 40.08 og orðin *stengur, prófilar og pípur* í nr. 40.15 taka til, og taka einungis til, þessara vara (hvort sem þær eru skornar í stykki og unnar á yfirborði eða ekki), að þær séu ekki öðruvísi unnar.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
I. Hrágúmmí.			
40.01	Náttúrulegt gúmmilatex, einnig blandað tilbúnu gúmmilatexi; forvúlkaniserað náttúrulegt gúmmilatex; náttúrulegt gúmmí, balata, gúttaperka og áþekk náttúruleg teygjanleg efni:		
01	Latex, fljótandi, duft eða deig, einnig stöðlað	21%	
02	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	10%	
09	Annað	21%	
40.02	Tilbúið gúmmilatex; forvúlkaniserað tilbúið gúmmilatex; gervigúmmí; faktis unnið úr olíum:		
01	Gervilatex, fljótandi eða duft, einnig stöðlað	21%	
09	Annað	21%	
40.03	00 Endurunnið gúmmí	25%	

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur	
40.04	00	Úrgangur og afklippur af toggúmmí; slitnar vörur úr toggúmmí, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmí; duft unnið úr úrgangi eða slitnum vörum úr toggúmmí	21%	
II. Óvulkaniserað gúmmí.				
40.05		Plötur, þynnur og bönd úr óvulkaniseruðu náttúrlegu gúmmí eða gervigúmmí, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvulkaniseruðu náttúrlegu gúmmí eða gervigúmmí tilbúið til vulkaniseringar; óvulkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí, sem fyrir eða eftir útfellingu hefur annað hvort verið blandað sóti (með eða án viðbótar af jarðolíu) eða kísilsýru (með eða án viðbótar af jarðolíu) í þess konar lögum, sem þekkt er undir heitinu „masterbatch“:		
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	7%	
	09	Annað	21%	
40.06	00	Óvulkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí, þar með talið gúmmílatex annars konar lögunar eða í öðru ástandi (t. d. stengur, pípur og snið — prófilar —, upplausnir og jafublöndur); vörur úr óvulkaniseruðu náttúrlegu gúmmí eða gervigúmmí (t. d. húðaður eða gegndreyptur spunapráður; hringir og skífur)	21%	
III. Vörur úr toggúmmí.				
40.07	00	Þræðir og snúrir úr toggúmmí, einnig þakið spunavörum; spuna-garn, gegndreypt eða þakið með toggúmmí	35%	25%
40.08		Plötur, þynnur, bönd, stengur og þræðir úr toggúmmí:		
	01	Úr svampgúmmí til skósólagerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	15%	
	02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%	35%
	03	Gólfdukur	35%	
	09	Annað	35%	
40.09		Pípur og slöngur úr toggúmmí:		
	01	Pípur og slöngur fyrir háþrýsting, a. m. k. 20 kg/cm ² ...	7%	
	09	Aðrar	25%	
40.10	00	Vélareimar og færibönd úr toggúmmí	25%	
40.11		Hjólbarðar alls konar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir, slöngur og felgubönd úr toggúmmí, á alls konar hjól:		
	01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%	
	02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%	
	03	Hjólbarðar á flugvélar	0	
	09	Annars	40%	
40.12	00	Vörur úr toggúmmí til lækninga og hjúkrunar, einnig að hluta úr harðgúmmí	35%	
40.13		Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi, úr toggúmmí:		
	01	Kafarabúningur	20%	
	02	Hanzkar	65%	45%
	03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%	
	09	Annar	65%	45%

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
40.14	Aðrar vörur úr toggúmmí:		
01	Botnrúllur (bobbingar) og trollpokahlífar	2%	
02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
03	Burstahausar	35%	
04	Vélaþéttingar og þéttilistar	25%	
05	Vörur til tækninota, hringir í niðursuðudósir og handverkfæri	25%	
06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%	
07	Vörur sérstaklega til skipa	25%	
08	Hurðir	30%	
09	Annars	70%	
IV. Harðgúmmí (ebónít og vúlkanít) og vörur úr því.			
40.15	Harðgúmmí í bitum, plötum, þynnum, böndum, stöngum með hvers konar þverskurði (prófilum), pípum og þráðum; úrgangur af harðgúmmí og duft úr því:		
01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	15%	
09	Annað	25%	
40.16	Aðrar vörur úr harðgúmmí:		
01	Til lækninga og hjúkrunar	35%	
09	Annars	70%	

VIII. flokkur.

Húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim; reið- og aktygi;
ferðabúnaður, handtöskur og áþekk ílát; vörur úr þörmum
(öðrum en silkiormaðörmum).

41. kafli.

Húðir og skinn, óunnið (þó ekki loðskinn), og leður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Afklippur og annar þess háttar úrgangur af óunnum roðum, húðum og skinum (nr. 05.05 og 05.06).
 - b. Fuglshamir og hlutar af þeim með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 05.07 eða 67.01).
 - c. Húðir eða skinn með hárum, óunnin, sútuð eða unnin (43. kafli). Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir eða skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), af hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persían, astrakan, karakúl og áþekk lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tibetskum geitum og kiðlingum), svinum (þar með moskussvín), hreindýrum, gamsum, gazellum, ráðýrum, elgum, krónhjörtum og af hundum.
2. Með *leðurlíki* er alls staðar í tollskránni aðeins átt við vörur þær, sem teljast til nr. 41.10.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
41.01	Húðir og skinn, óunnin (ný, söltuð, þurrkuð, þækluð eða kölkuð), einnig klofin, hér með taldar gærur:		
	<i>Húðir af nautpeningi og hestum, þó ekki af kálfum:</i>		
11	Nautshúðir í botnvörpur, óunnar en saltaðar og/eða blá- steinslitaðar	4%	
19	Aðrar	14%	
20	Kálfsskinn	14%	
30	Geitaskinn og kiðlingaskinn	14%	
40	Sauðskinn og lambskinn með ull	14%	
50	Sauðskinn og lambskinn ullaflaus	14%	
60	Aðrar húðir og skinn	14%	
41.02	Leður úr nautshúðum (þar með talið vísundaleður) og leður úr hrosshúðum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):		
10	Kálfsledur	20%	14%
	<i>Leður úr nautshúðum (þó ekki kálfsledur) og leður úr hrosshúðum:</i>		
21	Í sóla og bindisóla, enda berí varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	10%	
29	Annað	14%	
41.03	00 Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)	14%	
41.04	00 Leður úr geitar- og kiðlingaskinum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)	14%	

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
41.05	Annað leður (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):		
	01 Svínsleður	14%	
	09 Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	14%	
41.06	00 Þvottaskinn (chamois-dressed leather)	14%	
41.07	00 Pergament	14%	
41.08	00 Lakkleður og gervilakkleður; málmþakið leður	14%	
41.09	00 Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leður- dust, leðurduft og leðurmjöl	14%	
41.10	00 Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum	14%	

42. kafli.

**Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekk ílát;
vörur úr þörmum (öðrum en silkiormapörmum).**

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað þess háttar dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni (nr. 30.05).
 - b. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki hanzkar), fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, nema þessi skinn séu aðeins leggingar til skrauts (nr. 43.03 eða 43.04).
 - c. Burðarnet og annað þess háttar, er telst til XI. flokks.
 - d. Vörur, er teljast til 64. kafla.
 - e. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
 - f. Svipur, keyri og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.02.
 - g. Strengir, trumbuskinn og aðrir hljóðfærahlutur (nr. 92.09 eða 92.10).
 - h. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
 - ij. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
 - k. Hnappar, flibbhnappar, ermahnappar, smellur o. þ. h. og efni og hlutar til þessara vara, sem teljast til nr. 98.01 eða 71. kafla.
2. Vörur, sem ekki eru heilar eða eru ófullgerðar, flokkast á sama hátt og heilar og fullgerðar vörur, enda hafi þær að öllu verulegu leyti einkenni varanna heilla eða fullgerðra.
3. Til fatnaðar og þess, sem honum heyrir til (nr. 42.03), telst m. a. hanzkar (þar með íþróttahanzkar), svuntur og önnur hlífðarföt, axlabönd, belti, axlarólar, armbönd, þar með talin úrarmbönd.

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
42.01	00 Ak- og reiðtygi (t. d. hnakkar, aktygi, klafar, vagnólar, hnéhlífar), úr hvers konar efni og fyrir hvers konar dýr	80%	55%
42.02	00 Ferðabúnaður (t. d. ferðaskrínur, fataskrínur, hattöskjur, ferðatöskur, bakpokar), innkaupatóskur, handtöskur, skólatöskur, skjalatöskur, veski, pyngjur, snyrtiskrín, verkfæraskrín, tóbakspungar, slíður, skrín, öskjur (fyrir vopn, hljóðfæri, sjónauka, skartgrip, flöskur, hálsbúnað, skófátnað, burstar) og áþekk ílát, úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum, plastþynnum, pappa eða vefjarefnum	90%	65%
42.03	Fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum heyrir til:		
	01 Belti	65%	45%
	02 Hanzkar	65%	45%
	03 Úrarmbönd	50%	
	04 Röntgenhanzkar	35%	
	09 Annar	65%	45%
42.04	00 Vörur úr leðri eða leðurlíki til tækninota	35%	25%
42.05	Aðrar vörur úr leðri eða leðurlíki:		
	01 Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	10%	
	02 Töskuhandföng	30%	
	03 Vörur til lækninga	35%	
	09 Annars	65%	45%
42.06	00 Vörur úr þörmum (öðrum en silkiormapörmum), gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum	65%	

43. kafli.

Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Með *loðskinnum* er alls staðar í tollskránni (nema í nr. 43.01) átt við sútaðar eða unnar húðir eða skinn með hárum og af alls konar dýrum.
2. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Fuglshamir og hlutar af þeim með föstum upprunalegum fjöðrum og dún (nr. 05.07 eða 67.01).
 - b. Þær óunnar húðir og skinn með hárum, sem teljast til 41. kafla.
 - c. Hanzkar úr leðri og loðskinni eða úr leðri og loðskinnslíki (nr. 42.03).
 - d. Skófatnaður, skófatnaðarhlutar og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
 - e. Höfuðfatnaður og hlutar af honum, er teljast til 65. kafla.
 - f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
3. Með *plötum, krossum o. þ. h.* í nr. 43.02 er átt við loðskinn eða hluta af þeim (þó ekki skinn, sem „hleypt hefur verið fram“, lengd), sem hafa verið saumuð saman í ferhyrning, rétthyrning, kross eða trapízu án annarra efna. Önnur samansaumuð loðskinn, sem eru tilbúin til notkunar eða aðeins þarf að skera til fyrir notkun, svo og loðskinn og hlutar af þeim, sem eru saumuð saman sem fatnaður, fatahlutar, annað er fatnaði heyrir til, eða frá er gengið sem annarri vöru, telst til nr. 43.03.
4. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki það, sem nefnt er í 2. athugasemd hér að framan), sem hefur verið fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða er með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, telst til nr. 43.03 eða 43.04 eftir atvikum, enda sé um meira en leggingar einar að ræða.
5. Með *loðskinnslíki* er alls staðar í tollskránni átt við sérhverja eftirlíkingu loðskinns, sem er úr ull, hári eða öðrum trefjum, sem eru limdar eða saumaðar saman við leður, spunaefni eða annað efni. Ofnar eftirlíkingar af loðskinni flokkast sem spunavörur (t. d. nr. 58.04).

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
43.01	00	Loðskinn óunnin	30%	
43.02	00	Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman	35%	
43.03	00	Vörur úr loðskinnum	65%	45%
43.04		Loðskinnslíki og vörur úr því:		
	01	Loðskinnslíki	30%	
	09	Vörur úr loðskinnslíki	65%	45%

IX. flokkur.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol; korkur og korkvörur;
körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

44. kafli.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Trjáviður, sem aðallega er notaður til framleiðslu á ilmörum, lyfjum, efnunum til varnar gegn skordýrum, sveppum o. þ. h. (nr. 12.07).
 - b. Trjáviður, sem aðallega er notaður til litunar og sýtunar (nr. 13.01).
 - c. Ávirk viðarkol (nr. 38.03).
 - d. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
 - e. Skófatnaður og hlutar til hans, er teljast til 64. kafla.
 - f. Göngustafir og hlutar til þeirra og hlutar í regnhlíf, sólhlíf, svipur og keyri (66. kafli).
 - g. Plötur, flögur, hellur og annað þess konar úr tréspónum, trjáúrgangi og þess háttar, limt saman með sementi, gipsi eða öðrum bindiefnum úr steinaríkinu (nr. 68.09).
 - h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
 - i. Farartæki og hlutar til þeirra og aðrar vörur í XVII. flokki.
 - k. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
 - l. Hljóðfæri og hlutar til þeirra (92. kafli).
 - m. Hlutar í skotvopn (nr. 93.06).
 - n. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
 - o. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
 - p. Reykjarpípur, pípuhlutar o. þ. h., hnappar, blýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Vörur úr trjáviði, sem fluttar eru inn ósamsettar eða í aðskildum hlutum eða eru að hluta úr gleri, marmara eða öðru efni, eða hlutar, sem þessum vörum heyra til og eru úr þessum tilgreindu efnunum, flokkast eins og vörurnar samsettar, enda séu hinir einstöku hlutar fluttir inn samtímis.
Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vöru-eikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutningskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir

breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komið í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

B.**Aðflutningsskýrsla.****15. gr.**

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi tollýfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem pósthofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vöru eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjöldi og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vöru tegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vöru tegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúm-mál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingargjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til, að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir, að svarað verði um þessi atriði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 37. gr. þessara laga, að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt, að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðlækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu, má setja fyrir máli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrir máli um aðflutningsskýrslur og ákveða, hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollfyrirvald geti krafizt þess af innflytjanda, að hann framvísi skírteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, unz úr er bætt.

C.

Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

18. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu, og skal tolyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út. Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verzlunarfsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um það,
 - að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
 - að vörunnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-skránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vörureikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vörureikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málgr. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og

tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskírteini). Annast sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrir mælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

19. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini, reikning yfir umbúðakostnað, þökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess, að farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini sé afhent í tvíriti, og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjöllum, ef ástæða þykir til.

Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði, að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því, hvernig nauðsynlegu eftirliti verði við komið.

20. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð er í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verzlunurvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

21. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellar eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygginguna upp í þau.

22. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða

hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verzlunar-
bókum hlutaðeiganda, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta
veitt upplýsingar um nefnd atriði.

23. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru
skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til
tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má
leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttar-
vaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til
athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu
verði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

25. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum
sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið
í Reykjavík, og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

D.

Undirboðs- og jöfnunartollar.

26. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsg. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

27. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða

b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort

1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða

2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsg., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluháttá, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

28. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

29. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsg. 26. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollögum.

30. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

31. gr.

Til rannsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins, og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verzlunarbækur hlutaðeigenda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að álitum þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

E.**Ýmis ákvæði.****32. gr.**

Nú er lagður á vörumagnstollur, og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolléiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolléining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

33. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr., skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

34. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, unz gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

35. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

36. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undangengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

F.

Refsiákvæði.

37. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvæfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita, að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

38. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 3 26. febrúar 1969, um tollskrá o. fl.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

58. og 59. grein laganna verði dregnar saman í eina grein, er verði 58. gr., svo hljóðandi:

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskirteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent, áður en vara er flutt í far, og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Eftir 58. grein laganna komi ný grein, er verði 59. grein, svo hljóðandi:

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi, sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenzkar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum, og að vörunum skuli fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o. fl., er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð um upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o. fl., skv. 1. málsg. þessarar greinar, skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Fjármálaráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð, sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o. s. frv., um útfluttar vörur, sem fluttar eru til viðkomandi landa, eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, og getur tollyfirvald þá krafizt atvinnurekanda og aðra, sem hlut eiga að máli, um upplýsingar um atriði, sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina, og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnaði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur skv. nánari ákvæðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl (carneter), sem ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum, sem fluttar eru út héðan til tímabundinna nota eða til gegnumflutnings í því ríki, þegar um er að ræða útflutningsvörur, sem lúta sérstakri meðferð, samkvæmt milliríkjasamningi, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 63. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti friðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar, vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

Nú hefur fjármálaráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð, sem nefnd eru í næstu mgr. hér að framan, sbr. 3. mgr. 59. gr. laganna, en ekki verður sannað, hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsíabyrgðina.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, gjalddaga og eindaga söluskatts, svo og um innheimtu 1½% dráttarvaxta, sem falli á í eindaga skattsins, og síðan fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslu-
stöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri fyrir janúar og febrúarmánuði, en hinni fyrir marz. Skattyfirvöld geta krafizt hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta innan fyrsta ársfjórðungs fyrri ára.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyztu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal undantekningarlaust innheimta hinn breytta söluskatt skv. 1. gr. þessara laga frá og með 1. marz 1970. Sama regla gildi um fullnaðartoll-afgreiðslu í samræmi við 22. gr. tollskrárlaga nr. 3 26. febrúar 1969.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra ásamt ákvæðum 1. gr. laga nr. 61/1964 inn í meginmál laga nr. 10/1960 eins og þau eru breytt með niðurfellingarákvæðum 40. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 um tollskrá o. fl. og 1. gr. laga nr. 76/1967, að breyttu breytanda, og gefa út þannig sem lög um söluskatt.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „17%“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 11%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til greiðslu kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laganna frá og með 1. janúar 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gildi á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970.

Gjört að Bessastöðum, 3. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

9. febrúar 1970.

Nr. 5

L Ö G

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 27¹

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á lögum nr. 19
10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970, skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Nr. 7.

13. febrúar 1970.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfshafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttáð, að varhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi herra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfis-hafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæð-um 5. gr., enda standi sérstaklega á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildsverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsg. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málslíður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lög-birtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.

2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunn er annars svö háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða sölu- aðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma.
Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsg. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.
Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um Iðnþróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Sjóður sá, er um ræðir í samningi þessum, sbr. 1. gr., skal á Íslandi nefnast Iðnþróunarsjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal skipa fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins svo og einn varmann. Menn þessir skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefnir einn mann. Vararmenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ræður honum framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða á sama hátt og Seðlabanki Íslands.

Sjóðurinn er og undanþeginn stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum, sem hann kann að taka á sig.

7. gr.

Iðnaðarráðherra getur, að tillögu stjórnar sjóðsins, sett með reglugerð nánari ákvæði um rekstur sjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1970.

Fylgiskjal.**Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) að stofna norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild Íslands að EFTA og auðvelða aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Sjóðurinn skal stuðla að þróun útflutningsiðnaðar á Íslandi og leggja áherzlu á aukna samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Enn fremur skal sjóðurinn notaður til að efla samkeppnishæfni íslenskra heimamarkaðsiðnaðarins.

2. Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenska ríkisins.

3. Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum Bandaríkjadollar. Öll útlán sjóðsins skulu miðuð við þessa einingu.

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- Að veita lán til ákveðinna verkefna, annað hvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.
- Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniástoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar.

5. Stjórn.

Sjóðurinn skal hafa stjórn, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, einum frá hverju landi. Varamaður skal skipaður fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn. Hver

stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meiri hluta atkvæða og skal atkvæði íslenska stjórnarmannsins vera þar með.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Stjórnin getur, eftir því sem hún telur heppilegt, falið framkvæmdastjórninni að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og fimm fulltrúar íslenska bankakerfisins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks og daglegum rekstri.

Aðsetur sjóðsins er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

6. Sjóðsslit.

Ef aðstæður skapast, sem að verulegu leyti raska forsendum þessa samnings, skulu ríkisstjórnir Norðurlanda ráðgast hver við aðra um áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Ef ákveðið er að leggja sjóðinn niður, skulu ríkisstjórnirnar, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, taka ákvörðun um, hvernig farið skuli með fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

7. Gildistaka.

Samningurinn tekur gildi samtímis samningi um aðild Íslands að Friverzlnar-samtökum Evrópu (EFTA), þó i fyrsta lagi, þegar Norðurlöndin hafa afhent ríkisstjórn Íslands fullgildingarskjöl sín til vörzlu.

Til staðfestingar þessu hafa eftirgreindir fulltrúar, samkvæmt sérstöku umboði, undirritað þennan samning í Reykjavík, hinn 12. desember 1969, í einu eintaki á dönsku. Samningsaðilar munu fljótlega, með því að skiptast á orðsendingum, koma sér saman um finnskan, íslenskan, norskan og sænskan texta, sem skulu vera jafngildir danska textanum.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Birger Kronmann.

Fyrir ríkisstjórn Finnlands:
Pentti Suomela.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Gylfi Þ. Gíslason.

Fyrir ríkisstjórn Noregs:
Christian Mohr.

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:
Gunnar Granberg.

Gjört i Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, frá 3. febrúar 1970 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 2. marz 1970.

*Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1970.***Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1970

18. marz 1970.

219

Nr. 11.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar,
og lögum nr. 83 29. des. 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri mgr. 46. gr. (4. gr. laga nr. 83/1967) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

- f. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum stafliði. Síðasti málsliður í stafliði c í 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 49. gr. (7. gr. laga nr. 83/1967) komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálpi og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenskra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort téd skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 52. gr. bætist: sbr. og 4. mgr. 49. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. marz 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

A 28

L Ö G

um menntaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki sízt með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir piltá og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem löggin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyriræli um þetta sett í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekk menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. KAFLI Um námsefnið.

9. gr.

a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b) Námsefni skólanna skal vera þrjúþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta náms-efni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

IV. KAFLI Um námsáfangi og próf.

10. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfangi (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfangi skal úrskurðað um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfangi. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

11. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrir- mælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er heimili, að mennta- skólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

12. gr.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skípar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið próf- dómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI
Um starfslið skólanna.

13. gr.

Endurhæfingarstöðvar, sem komið er á fót samkvæmt 7. gr. þessara laga, skulu greiða þann kostnað, sem leiðir af nauðsynlegri læknisfræðilegri endurhæfingu, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.

9. gr.

Til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja er heimilt að veita styrki og lán sem hér segir:

- a. Styrk úr erfðafjárjóði, sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.
- b. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára með 5% ársvöxtum, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar.

10. gr.

Verði halli á rekstri endurhæfingarstöðvar eða öryrkjavinnustofu, getur endurhæfingarráð lagt til, að hann verði að einum þriðja hluta greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, að einum þriðja hluta af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins

og að einum þriðja hluta af rekstraraðila, og er þá stjórn atvinnuleysistrygginga-
sjóðs og tryggingaráði, hvoru um sig, heimilt að veita styrki samkvæmt tillögum
endurhæfingarráðs.

11. gr.

Heimilt er að veita fé úr erfðafjár sjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum
fyrir öryrkja, svo sem hér segir:

- a. Lán, sem nemur allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, sem vera skal með sömu
afborgana- og vaxtakjörum og lán þau, sem um ræðir í 7. gr. b.
- b. Styrk, sem má nema allt að fjórðungi byggingarkostnaðar.

12. gr.

Rétt til þess að vera aðnjótandi endurhæfingar samkvæmt lögum þessum eiga
þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annaðhvort:

- a. geta ekki séð sér farborða vegna varanlegrar skertrar starfshæfni, eða
- b. er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir, að þeir
missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi
starfsgetu af völdum orkutaps.

13. gr.

Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni, skal, ef þess gerist
þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsókuð verður andleg og líkam-
leg hæfni hans. Við próf þetta skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar,
menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað,
er máli skiptir fyrir þjálfun og starfsval.

Endurhæfingarráð skal sjá um, að rannsóknir þær og próf, sem um ræðir í 1.
mgr., fari fram. Í því skyni getur ráðið samið við þar til hæfa stofnun um að ann-
ast þetta verkefni.

Að lokinni rannsókn og prófi samkvæmt grein þessari skal í samráði við hlut-
aðeigandi mann gera áætlun um, hvernig þjálfun hans skuli haga.

14. gr.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar sam-
kvæmt lögum þessum, eiga kost á aðstoð svo sem hér segir:

- a. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér
þess, sem þeir og skyldulið þeirra mega ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan
endurhæfing fer fram.
- b. Styrk eða láni til verkfæra- og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi
við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkvæmt a-lið þessarar greinar skulu greidd af hlutaðeigandi sveit-
arfélagum. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt b-lið
greinarinnar.

15. gr.

Nú fellur niður endurhæfingarstarfsemi, sem notið hefur styrks samkvæmt 7. og
9. gr., og er þá endurkræfur styrkur sá að fullu, sem veittur hefur verið, ásamt venju-
legum útlánsvöxtum frá þeim tíma, að starfsemi féll niður. Sama gildir um styrk
til dvalarheimilis öryrkja, sbr. 11. gr., ef starfsemi þess fellur niður.

16. gr.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, skulu fá aðstoð
til að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlun-
ina í landinu láta gera könnun á atvinnulífínu með tilliti til hentugra starfa fyrir

fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er sliikum störfum ráða, og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir, sem nolið hafa endurhæfingar, skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

17. gr.

Um styrk til einstaklinga vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar, vegna gervi-
lima- og tækjakaupa fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1970.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

**um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn
og Alþjóðabankann.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:*

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóða-
gjaldeyrissjóðnum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 23 milljónir Bandaríkja-
dollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans,
sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands
hjá Alþjóðabankanum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 18.4 milljónir Bandaríkja-
dollara.

Til þess að standa straum af hækkun framlagsins heimilast ríkisstjórninni að
taka lán í Seðlabankanum, er jafngildi allt að 340.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- a) Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
- b) Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
- c) Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
- d) Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
- e) Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G**um Húsnæðismálastofnun ríkisins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I KAFLI

Um stjórn stofnunarinnar og hlutverk.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veitir stofnuninni forstöðu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti átta menn, þar af sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Kjörtími húsnæðismálastjórnar skal vera fjögur ár. Félagsmálaráð-

herra skipar formann húsnaðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar Húsnaðismálastofnuninni framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra að fengnum tillögum húsnaðismálastjórnar. Ráðherra ákveður þóknun til húsnaðismálastjórnar.

Þóknun húsnaðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

2. gr.

Hlutverk Húsnaðismálastofnunar ríkisins er að hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

3. gr.

Húsnaðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og láta gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmasta hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimill í því skyni að fela húsnaðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnaði í landinu.
2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggji ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnaðis reynast bestar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnaðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstarf um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
4. Að setja þau skilyrði fyrir lánnum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
5. Að annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og veita almenna fræðslu um byggingarmálefni.
6. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
7. Í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands skal stofnunin gangast fyrir tæknirannsóknnum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknnum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur skal að sama marki stefnt með byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð.
8. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
9. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarksloft hæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
10. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Við lausn þessara mála er Húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

II. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins og veðlánakerfi til íbúðabygginga.

4. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga, annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, svo og að standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
- b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð 75 milljónir króna.
- c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt, og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
- d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið af eigin fé, eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
- e. 1% lántökugjald af lánnum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur Byggingarsjóðs.
- f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Til öflunar fjár í Byggingarsjóð ríkisins er veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út og selja skuldabréf (bankavaxtabréf) sem svarar heildarupphæð árlegra lánveitinga húsnæðismálastjórnar til íbúðabygginga. Skuldabréf þessi skulu vera með föstum vaxtafæti og endurgreiðast með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet), sjá þó 5. mgr. þessarar gr.

Skuldabréf þessi og vextir af þeim skulu vera undanþegin sköttum, útsvari og framtalsskyldu á sama hátt og innstæður í bönkum.

Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt bréfum þessum.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Grunnþími þessarar vísitölu skal vera 1. febrúar 1968, og skal hún framvegis reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við fyrsta dag mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Gildistími hvernar vísitölu í sambandi við útgáfu skuldabréfa samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. og C-lið 8. gr. er 3 mánuðir og reiknast frá 1. degi þess mánaðar, er vísitalan er við miðuð.

Á árgreiðslur lána, er Byggingarsjóður tekur samkvæmt 2. mgr. þessarar gr., skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. þessarar gr.) frá útgáfutíma skuldabréfa og til 1. febrúar næst fyrir hverja árgreiðslu.

Ráðherra ákveður að öðru leyti gerð þessara skuldabréfa og setur nánari reglur um útgáfu þeirra. Skal fara eftir þeim reglum, er gilda um útgáfu bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbankans, nema ráðherra ákveði annað.

6. gr.

Eftirtaldir aðilar kaupi skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr., sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður sem svarar árlegu framlagi ríkissjóðs til þessa sjóðs, sbr. lög nr. 29/1956, 12. gr.
2. Tryggingafélag, samkvæmt lögum nr. 17/1964, 4. gr.

7. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

- A. Fé Byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr.
- B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr.
- C. Sparnaðarfé, samkvæmt III. kafla laga þessara.
- D. Lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt eftirfarandi reglum:

- A. Lán veitast til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar, eftir því sem húsnæðismálastjórn ákveður og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Engum einstaklingi skal veitt lán samkvæmt þessari mgr. nema út á eina íbúð.

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga, byggingameistara, byggingafyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Það er skilyrði fyrir slíkum lánnum, að íbúðir verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu. Húsnæðismálastjórn ákveður, hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánnum samkvæmt þessari mgr.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kaupþúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum. Heimilt er að veita slík lán meðan á byggingartíma stendur, sbr. 2. mgr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 50 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lántíma og tryggingar slíkra lána að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

- B. Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 600 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

- C. Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum, vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. 5. gr.) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar $\frac{1}{4}\%$ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.
- D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.
- E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggja, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Ákvæðið skal í reglugerð, hvaða skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

9. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán skv. lögum þessum af fé til útlána samkvæmt 7. gr. Veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

10. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum með viðbót skv. kaupvísitölu, sbr. 5. mgr. 5. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 20 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kaupfélga, sem leggja á þennan hátt fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

11. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldu-sparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast,

skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupsýslum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsg., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrir, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsg. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsg. 5. gr. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabyggingu frá húsnæðismálastjórn, og mega lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir $\frac{3}{4}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 150 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 10. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

12. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. Gift fólk, sem hefur stofnað heimili.
- b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám.
- c. Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.
- d. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.
- e. Þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunnir að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi burt.

13. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskirteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskirteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirsmæla þessarar málsgreinar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða,

að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfirvaldi grein fyrir sparimerkjajæign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins eða Stofnlánadeildar landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Byggingarsjóður verkamanna og verkamannabústaðir.

14. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf láglauna-fólks í kaupstöðum og kauptúnum með því að styðja byggingu hagkvæmra, staðlaðra og ódýrra íbúða, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga með þeim skilmálum, sem lög þessi setja, í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem félagsmálaráðherra hefur skipað stjórn verkamannabústaða samkvæmt 2. mgr. 15. gr. og sveitarstjórn innir af hendi tilskilið framlag til sjóðsins.

Byggingarsjóður verkamanna skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, sem annast afgreiðslu lána og innheimtu afborgana og vaxta.

15. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu, og skal hún þá tilkynna félagsmálaráðuneytinu um þessa ákvörðun sína.

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sex menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

Stjórnarnefndarmenn og varamenn þeirra skulu eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

16. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða, sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

17. gr.

Að lokinni rannsókn þeirri, sem um ræðir í 16. gr., skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ákveður síðan, hvort hún vill fyrir sitt leyti hefja byggingu verkamannabústaða, svo og fjölda þeirra, stærð og gerð í meginatriðum.

18. gr.

Nú hefur sveitarstjórn samþykkt tillögu um að hefja byggingu verkamanna-bústaða, og skal hún þá ákveða gjald það, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir hvern íbúa næstu fjögur árin, samkvæmt 20. gr. Gjald þetta breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjaldið ber sveitarstjórn að ákveða á þeim grundvelli, að það nemi a. m. k. helmingi væntanlegs láns úr Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélagsins.

Ákvörðun sína samkvæmt 1. og 2. mgr., ásamt greinargerð stjórnar verkamannabústaða, skal sveitarstjórn síðan senda húsnæðismálastjórn.

19. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að fyrirhuguð byggingarframkvæmd falli undir ákvæði þessara laga, gerir stjórn verkamannabústaða endanlega byggingaráætlun. Þegar húsnæðismálastjórn og sveitarstjórn hafa staðfest þessa áætlun, má hefja byggingaframkvæmdir.

20. gr.

Þegar byggingaframkvæmdir hafa verið ákveðnar samkvæmt 15.—19. gr., skal hlutaðeigandi sveitarfélag árlega greiða framlag til Byggingarsjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 400 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, sem býr á þéttbýlisstað, samkvæmt árlegum mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar, miðað við 1. desember árið á undan. Fjárhæðir þessar breytast til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Framlagsskylda sveitarfélags, samkvæmt grein þessari, gildir frá og með því ári, sem byggingaframkvæmdir eru ákveðnar. Framlagið greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir 31. desember ár hvert af framlagi Jöfnunarsjóðs til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkissjóður greiðir árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem vera skal jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingarsjóðsins eru á ári hverju. Framlag ríkissjóðs greiðist samtímis og framlög sveitarfélaganna, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

21. gr.

Að loknum þeim fjögurra ára byggingaframkvæmdum, sem um ræðir í 15.—20. gr., getur sveitarstjórn hafið nýjar byggingaframkvæmdir verkamannabústaða. Um þær framkvæmdir fer að öllu leyti samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 15.—20. gr. laga þessara.

22. gr.

Þegar sveitarfélag hefur byggingaframkvæmdir, samkvæmt 15.—21. gr., skal fjár aflað til þeirra svo sem hér segir:

- A. Væntanlegur íbúðareigandi skal leggja fram 20% byggingarkostnaðar.
- B. Byggingarsjóður ríkisins veitir hámarkslán samkvæmt 8. gr. laga þessara með almennum lánakjörum þess sjóðs.
- C. Byggingarsjóður verkamanna veitir lán, sem nemur heildarbyggingarkostnaði hverrar íbúðar að frádregnu eigin framlagi samkvæmt staflið A og láni samkvæmt staflið B. Lán þessi skulu vera til 42 ára með 2% ársvöxtum og greiddast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða $\frac{1}{8}\%$ af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Lán þessi má ekki vísitölubinda. Lánið skal tryggt með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Húsnæðismálastjórn úthlutar lánnum úr Byggingarsjóði verkamanna.

23. gr.

Stjórn verkamannabústaða annast byggingafrankvæmdir.

Verkamannabústaðir skulu gerðir samkvæmt teikningum, sem húsnæðismála-
stjórn hefur samþykkt.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en 100 fermetrar og byggðar í fjölbýlishúsum. Heimilt er þó að byggja íbúðirnar í sambýlishúsum, rað-
húsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða, eða gildandi
skipulag krefst slíkra frávíka. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði
um stærð íbúða miðað við fjölskyldustærð.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að
bera venjuleg nútímabægingi, en án íburðar. Íbúðunum skal skila fullgerðum. Leitast
skal við, að íbúðirnar verði svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Í því
skyni skulu byggingafrankvæmdir faldar viðurkenndum byggingaverktökum á
samkeppnisgrundvelli og með sem viðtækustum útboðum. Reynt verði að koma við
sem mestri hagkvæmni við byggingafrankvæmdir, og leggja þer áherzlu á fjölda-
framleiðsluáðferðir, þar sem um stóra byggingaráfanga er að ræða.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á ein-
stakar íbúðir. Kostnaðarverð, þannig fundið, skal vera söluverð íbúða, sbr. 25. gr.,
enda hafi húsnæðismálastjórn staðreynt á grundvelli framlagðra og viðurkenndra
reikninga, að um raunverulegt kostnaðarverð sé að ræða.

24. gr.

Rétt til þess að kaupa verkamannabústað hafa þeir einir, sem fullnægja eftir-
farandi skilyrðum:

1. Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.
2. Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.
3. Hafa eigi haft yfir 220 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu
ára, að viðbættum 20 þúsund krónum fyrir hvert barn innan 16 ára á fram-
færi, né yfir 400 þúsund króna skuldlaus eign, allt miðað við þann tíma, þegar
íbúðin er keypt. Tölur þessar breytast í samræmi við breytingar á kaupgreiðslu-
vísitölu.

25. gr.

Þegar byggingafrankvæmdir hefjast, skal stjórn verkamannabústaða auglýsa
rækilega innan sveitarfélagsins eftir umsækjendum um íbúðirnar. Í auglýsingu skal
greina fjölda íbúðanna, stærð, gerð, byggingartíma, áætlað kostnaðarverð svo og
greiðsluskilmála. Umsóknarfrestur má eigi vera skemmri en þrjár vikur. Að úthlut-
unarfresti liðnum úthlutar stjórnin íbúðunum til væntanlegra kaupenda, enda liggja
fyrir staðfesting húsnæðismálastjórnar á því, að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt
24. gr. Verði ágreiningur í stjórn verkamannabústaða um úthlutun íbúða, má skjóta
honum til sveitarstjórnar, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn. Ráðherra
getur sett nánari ákvæði um úthlutun verkamannabústaða með reglugerð.

Sérhver umsækjandi, sem hlotið hefur íbúð, skal greiða 10% af áætluðu kost-
naðarverði íbúðarinnar innan fjögurra vikna frá úthlutun. Við sölu og afhendingu
íbúðarinnar fullgerðrar greiðir umsækjandi það, sem á vantar til þess að 20% af
endanlegu kostnaðarverði íbúðarinnar séu greidd af hans hendi. Standi umsækjandi
ekki í skilum með þessar greiðslur, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður, en endur-
greiða skal honum þá fjárhæð, sem hann hefur greitt, samkvæmt framanrituðu, og
úthluta síðan íbúðinni, skv. 1. mgr.

Sala íbúðar til umsækjanda, sem fengið hefur úthlutun, fer fram með þeim
hætti, að umsækjandi fær skriflegt afsal fyrir íbúðinni frá sveitarstjórn gegn fullnað-
argreiðslu, sbr. 2. mgr., og yfirtöku lána samkvæmt B- og C-liðum 22. gr. Í afsali

skal tekið fram, að íbúðin sé háð ákvæðum þessa kafla um verkamannabústaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðaeigendum í fjölbýlis- eða sambýlishúsum, sem annast sameiginlegt viðhald húsanna, sameiginlegar greiðslur og annað, er stjórn verkamannabústaða ákveður sem verkefni húsfélags.

Eigi skal greiða stimpilgjöld af afsöllum fyrir íbúðum í verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

26. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað nema til tryggingar lánnum, samkvæmt B- og C-lið 22. gr.

Ekki má leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn, sem eignast hefur íbúð í verkamannabústað, má selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt 3. mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni, samkvæmt 36. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag kann að eignast samkvæmt þessari grein, skulu endurseljast að fullnægðum skilyrðum 22., 24. og 25. gr., þannig að hlutföll í fjármögnun samkvæmt 22. gr. verði hin sömu og voru í upphafi á þessari íbúð.

Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að íbúðinni, er íbúðareiganda frjálst að selja hana, enda greiði hann að fullu áhvilandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

V. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnaðis.

27. gr.

Húsnaðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og hafa um það samvinnu við sveitarfélög, er heita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

28. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnaðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

29. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt II. kafla þessara laga.

30. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lásupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánnum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 25 000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, lög nr. 97/1965, lög nr. 8/1968 og lög nr. 21/1968, um breyting á sömu lögum, sbr. þó 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Enn fremur eru úr gildi numin lög nr. 60/1962, um verkamannabústaði, lög nr. 35/1965 og lög nr. 20/1968, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heimilt er byggingarfélögum verkamanna að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn-um hlutverk sitt, en skulu þó áður hafa lokið byggingu þeirra verkamannabústaða, sem ekki eru fullgerðir við gildistöku laga þessara.
2. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita viðbótarlán, allt að 200 000.00 krónur, samkvæmt 22. gr. C, til verkamannabústaða, sem eru í byggingu við gildistöku þessara laga.
3. Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingarátt-unar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstjórninni, Reykjavíkurborg og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að þær 735 íbúðir í byggingar-áætlun þessari, sem eigi er hafin bygging á, eða hluti þeirra verði byggður sem verkamannabústaðir, samkvæmt IV. kafla laga þessara.
4. Hækkun sú á árlegu framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins, sem nemur 35 m.kr., sbr. 4. gr. b, greiddist í fyrsta sinn á árinu 1971. Sama gildir um hækk-anir, sem verða kunna á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 20. gr., að svo miklu leyti sem þær fara fram úr framlagi ríkisins samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1970.

5. Húsnæðismálastjórn er heimilt til ársloka 1970 að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að kr. 75 000.00 á íbúð.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

5. maí 1970.

Nr. 31.

L Ö G

um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lögum þessum eru þeir einir taldir dýralækna, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnarvöldum, og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunna að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

2. gr.

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Kletthálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrahreppur og Suðureyrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsiþæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grimsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð. Húsavík og Keldunesahreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Pingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Óxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
16. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.
17. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar í Rangárvallasýslu.
18. Helluumdæmi: Rangárvallasýsla að Vestur-Eyjafjallahreppi.
19. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvikurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur og Vestmannaeyjar.
20. Laugarásumdæmi: Gnúpyrjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, eða þegar sérstakt anuríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar, sem aflað hafi sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

3. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík og vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu, er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Hann skal hafa yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúkdómum búfjár og innflutningi og útflutningi lifandi dýra- og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna, sem læknisleyfi hafa.

4. gr.

Dýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyzlu spilltra búfjárafurða.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við og gæta fyllstu samvirkusemi í öllum dýralæknisstörfum.

5. gr.

Forseti skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna.

Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar og aðrir dýralæknar, sem aðstöðu hafa til venjulegra dýralæknisstarfa, skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna.

Héraðsdýralæknum er óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögakveðnu dýralæknisumdæmi og þegar önnur nauðsyn krefur, er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi, gegn hálfum byrjunarlaunum þess umdæmis.

6. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði og annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja.

Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

7. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða tjóni, er af honum getur leitt. Hann skal tilkynna yfirdýralækni tafarlaust um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um meðferð helztu smitsjúkdóma búfjár og varnir gegn þeim.

8. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Í Reykjavík hefur yfirdýralæknir eftirlit þetta með höndum.

Þar sem dýralæknar geta ekki sjálfir annað heilbrigðiseftirliti þessu, skulu héraðslæknar eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðissskoðun sláturafurða, annast það undir stjórn og eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknar safna árlega skýrslum frá þeim, sem heilbrigðissskoðun annast í umdæminu.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturfé og sláturafurðum, meðferð og geymslu sláturafurða, útbúnaði og þrifnaði í sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum.

9. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu með leiðbeiningum og á annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölmjólkur.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Afrit af skýrslum þessum skal senda yfirdýralækni. Mjólkurbú skulu eiga greiðan aðgang að skýrslum þessum, sé þess óskað.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og skýrsluhald, er það varðar.

10. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár hver í sínu umdæmi. Skýrslu um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega. Yfirlitsskýrslur um heilsufar og sjúkdóma og lækniaðgerðir skal semja og senda til yfirdýralæknis ár hvert fyrir 15. febrúar.

Úr skýrslum héraðsdýralækna skal árlega vinna og birta heildaryfirlit um heilsufar búpenings í landinu samkvæmt nánari fyrirætlum landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bág við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma.

Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem geri hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknaáðs um málið, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi, ef læknaáð telur það nauðsynlegt, en skjóta má hann máli sínu til dómstólanna.

12. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. þ. h., sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum.

13. gr.

Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkúr eru færri en 1600, miðað við skattaframtal næsta árs á undan, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót, sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Staðaruppbót þessi fellur niður, þegar kúm í umdæminu fjölgar yfir áðurnefnda tölu.

Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðsdýralæknis, er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði. Styrkur þessi fellur niður, þegar embættisbústaður hefur verið byggður.

14. gr.

Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið til notkunar við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir í þrjú ár að minnsta kosti.

Í þessu skyni er heimilt í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum lækniáhöldum og tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðs-

dýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða fri frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

15. gr.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

16. gr.

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, er sýslufélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun, en hlotið hafa tilsógn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan sýslunnar, eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau, sem um getur í 7., 8., og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis.

Sýslufélög njóta styrks til að greiða mönnum, sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa, sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum.

Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í embættið.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, og síðari breytingar á þeim lögum, þ. e. lög nr. 19/1955, lög nr. 7/1959, lög nr. 38/1960, lög nr. 8/1963 og lög nr. 51/1965, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð getur ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans.

Sama gildir um börn ellilífeyrisþega, einstæðrar móður, sem er öryrki eða látin, svo og hjóna, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sök- um örorku eiginkonu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðist svo:

- c. til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna, í fyrsta skipti á árinu 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt c-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árin 1969 og 1970.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fódurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta vegasjóði til lagningar hraðbrauta.

7. gr.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslíð þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Rafvæðing í sveitum	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18.2
Orkurannsóknir	19.0
Laxárvirkjun	55.0
Landsvirkjun, stofnframlag	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55.0
Jarðefnaleit	2.0
Sjóefnarannsóknir	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands ..	30.0
Samtals	356.8

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um skipun prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. Múlaprófastsdæmi:

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.

3. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
Prestssetur: Eiðar.
5. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. Austfjarðaprófastsdæmi:

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpvogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Djúpvogur.

III. Skaftafellsprófastsdæmi:

13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. Klaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur: Vík.

IV. Rangárvallaprófastsdæmi:

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður.
21. Oddi: Odda-, Stórolfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
22. Kirkjubhóll: Kálfholts-, Háþéjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubhóll.
23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnessprófastsdæmi:*

24. Hrúni: Hrúna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hrúni.
25. Stóri-Núpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlf-
ljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Selfoss.
29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur: Eyrarbakki.
30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.
31. Þingvellir: Þingvallasókn.
Prestssetur: Þingvellir.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

32. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Grindavík.
33. Útskálar: Útskála- og Hvalsnessóknir.
Prestssetur: Útskálar.
34. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur: Keflavík.
35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.
Prestssetur: Hafnarfjörður.
36. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur: Garðahreppur.
37. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
38. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
- 39.—40. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
42. Garðar á Akranesi: Akranessókn.
Prestssetur: Akranes.
43. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.
44. Reykholt: Reykhólts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
45. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
46. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

47. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðar-
bakkasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
48. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
49. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
50. Setberg: Setbergssókn.
Prestssetur: Grundarfjörður.
51. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og
Breiðabólstaðarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
52. Hjarðarholt: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðar-
holtssóknir.
Prestssetur: Búðardalur.
53. Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfells-
sóknir.
Prestssetur: Hvammur.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

54. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
55. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og
Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
56. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.
57. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

58. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.
59. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
60. Staður: Staðarsókn.
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
61. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík.
Prestssetur: Bolungarvík.
62. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.
Prestssetur: Ísafjörður.
63. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

64. Árnes: Árnesssókn.
Prestssetur: Árnes.
65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kolla-
fjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.

66. Prestsbakki í Hrutafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúppsóknir.
Prestssetur: Melstaður.
68. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
69. Þingeyrarklaustur: Þingeyrar-, Undirfells- og Blönduóssóknir.
Prestssetur: Blönduós.
70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.
76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
77. Hofsó: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsó.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Dalvík.
81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
- 83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.

87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóróddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Dverár-, Einarssstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

XV. Reykjavíkurprófastsdæmi:

Í Reykjavíkurprófastsdæmi, sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll, skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum biskups og safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

2. gr.

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Heimilt er að skipta prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 1. tölulið 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættishústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.

6. gr.

Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestsvígða menn til starfa skv. þessari grein.

7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

9. gr.

Heimilt er biskupi með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf, og skal ráðningartími vera allt að þremur árum í senn.

10. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—9. gr., greiðist úr ríkissjóði skv. úrskurði ráðherra, og skulu prestar þeir, sem þeim gegna, taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

11. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfund, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögætum safnaðarfund. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á háðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundur, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, taka þær gildi, þegar ráðherra staðfestir þær, að fengnum tillögum biskups.

12. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 11. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í háðum sóknnum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er

gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubýgging hafin, og skal þá ráðherra, ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu rétttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

13. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámenntur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Ráðherra ákveður síðan, að fengnum tillögum biskups og héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun ráðherra. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

14. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófasta hið fyrsta.

17. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófasta innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

II. KAFLI Um kristnisjóð.

18. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

19. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.
- b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
- c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

20. gr.

Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

- a) Arður af stofnfé kristnisjóðs.
- b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum.
- c) Laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarks-laun presta.
- d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
- e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

21. gr.

Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutað-eigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.
2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjubings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.
3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.
4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
5. Að kosta húferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.
6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

22. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

23. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristni-sjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjár-hagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933 og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Þá er lög þessi hafa öðlzt gildi, skal gefa lög nr. 98 19. júní 1933 út af nýju með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1970.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um leigubifreiðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags fólksbifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur fólksbifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar fólksbifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga á félagssvæðinu, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr. Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra, að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur sendiferðabifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, skal öllum óheimilt að stunda leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd.

4. gr.

Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi, stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaaksturs á félagssvæðinu, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr. Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflytninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflytninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem hlotið hefur viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags vörubifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur vörubifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar vörubifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflytninga innan félagssvæðisins, ef íbúafjöldi á félagssvæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr.

Áður en heimild til takmörkunar er veitt, skal leita álits vinnuveitendasamtaka þeirra, sem eru sammingsaðilar viðkomandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra.

Þar sem takmörkun er heimilud, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði. Takmörkunina skal ávallt miða við allt félagssvæði viðkomandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra og er óheimilt að miða takmörkun við hluta svæðisins.

7. gr.

Verði bæjarstjórnir og sýslunefndir, sem félagssvæði bifreiðastjórafélags fellur undir, sbr. 2. gr., 4. gr. og 1. mgr. 6. gr., eigi sammála um, hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki, eða þær greini á um, við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða, og skal þá ráðuneytið skera úr.

8. gr.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt, sbr. 2. gr., 4. gr. og 6. gr., er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögumælan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þá er takmörkunin hefst.

9. gr.

Strætisvagnar og sérleyfishafar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

10. gr.

Samgöngumálaráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðstöfun leyfa til leigubifreiðaaksturs, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 500—20 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1970. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1 frá 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, svo og lög nr. 22 frá 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi heimilaðar takmarkanir á fjölda leigubifreiða eftir eldri lagareglum, sem ekki eru í samræmi við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands, við störf fyrir íslenzk flugfélög.

Gerðardómurinn skal einnig kveða á um lausn ágreinings þess, sem upp hefur komið, um einkennisfatnað atvinnuflugmanna og flugvélstjóra.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum og fyrirsvarsmönnum flugfélaga og stéttarféлага, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarféлага þeirra við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., sem gilt hafa, og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, 19. maí 1969.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála þeirra stétta, er lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal samúðarverkföll og verkföll þau, sem boðuð hafa verið 19. og 21. júní 1969.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr rikissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda til 15. maí 1970. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. gr. breytist skilgreining orðanna alifiskur, fiskur og veiðimál, og við bætast nýjar mgr. með skilgreiningu á hugtakinu almenningur í stöðuvatni, sem komi á eftir orðinu alifiskur, á hugtakinu jörð, er komi á eftir orðinu göngusilungur, og á hugtakinu veiðihlutur, sem komi á eftir orðinu vatnasilungur.

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Fiskur: Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnbogasilungur (*S. irideus*) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Veiðihlutur: Hundradshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan. Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

3. gr.

Síðasti málsliður 5. gr. hljóði svo:

Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

5. gr.

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hæfta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

6. gr.

1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m³ á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hættu á, að um þværandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hættu á þværandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

8. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

9. gr.

Aftan við 2. mgr. 22. gr. komi:

Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

10. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

11. gr.

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum eignum eða úr eignum framleiddum með nýjum aðferðum.

4. málsgr. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsgr.) orðist svo:

Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabíl, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

12. gr.

2. mgr. 30. gr., sem er ný, verði svo hljóðandi, enda breytist löðuröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag. Nú verða öll net tekin upp ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.

13. gr.

4. mgr. (áður 3. mgr.) 30. gr. orðist svo:

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

14. gr.

5. mgr. 34. gr. orðist svo:

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni og á land flutt. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

15. gr.

3. mgr. 35. gr. hljóði svo:

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

16. gr.

Málsliður b í 2. mgr. 41. gr. hljóði svo:

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

17. gr.

VIII. kafli: Um fiskræktarfélag falli niður.

18. gr.

IX. kafli: Um veiðifélög verði VIII. kafli, og töluröð annarra kafa og greina breytist í samræmi við það.

19. gr.

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

- a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
- b. Að láta stunda veiði.
- c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
- d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

20. gr.

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

- a. Heilt fiskihverfi.
- b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
- c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
- d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

21. gr.

46. gr. (áður 64. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

- a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.
- b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.

3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

22. gr.

47. gr. (áður 65. gr.) orðist svo:

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmaður, ef hann er löglega boðaður.

23. gr.

48. gr. (áður 66. gr.) orðist svo:

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamatí við gildistöku laga þessara, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarhók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli við gildistöku laga þessara, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

24. gr.

67. gr. falli niður.

25. gr.

68. gr. falli niður.

26. gr.

Í stað 1. mgr. 69. gr. laganna (verður 49. gr.) komi tvær mgr., svo hljóðandi:

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarhók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmaður samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmaða samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

27. gr.

50. gr. (áður 70. gr.) orðist svo:

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurlögn veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 93. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 93. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.

28. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný og orðist svo:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

29. gr.

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

30. gr.

80. gr. og 81. gr. laga nr. 53/1957 falli niður.

31. gr.

58. gr. laga nr. 53/1957 verði 60. gr.

32. gr.

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarks lengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmaður félagsfundur samþykkir með $\frac{2}{3}$ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

33. gr.

66. gr. (áður 86. gr.) orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdraettir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

34. gr.

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Skýlt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

35. gr.

Á eftir 72. gr. komi ný grein, er verði 73. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunar-svæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

36. gr.

Á eftir 73. gr. komi ný gr., er verði 74 gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

37. gr.

75. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisk-sjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimála-stjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

38. gr.

76. gr. (áður 92. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogn slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

39. gr.

77. gr. orðist svo:

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

40. gr.

78. gr. (áður 93. gr.) orðist svo:

1. Sóttþreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdóma-nefnd gefur fyrirmæli um sóttþreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

41. gr.

79. gr. orðist svo:

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sóttthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sóttthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

42. gr.

80. gr. (áður 95. gr.) orðist svo:

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöðvum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

43. gr.

81. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kosnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

44. gr.

82. gr. (áður 97. gr.) orðist svo:

Rétt er að skjóta eða stýggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

45. gr.

1. málsgr. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

Upphaf 2. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.

46. gr.

2. mgr. 84. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárblutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

47. gr.

Á 2. mgr. 86. gr. (áður 101. gr.) laganna verði þær breytingar, að við bætist tveir nýir stafliðir, sem verða a- og c-liðir, og aðrir stafliðir í gr. breytist til samræmis við það, og auk þess bætist orðið fiskeldi inn í f-lið (áður d-lið):

- a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum.
- c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur.
- f. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði.

48. gr.

87. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framan-greindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrjú menn eru á fundi.

4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmat.

49. gr.

5. og 6. mgr. 88. gr. (áður 103. gr.) eru nýmæli og hljóði svo:

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

50. gr.

Í upphafi XIV. kafla komi ný gr. og fyrirsögn breytist og verði: Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

51. gr.

90. gr., ný gr., hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
- b. Gjald af skírur veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
- c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
- d. 3‰ af óskírur tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
- e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

52. gr.

91. gr. (áður 105. gr.) orðist svo:

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að $\frac{1}{3}$ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar.

53. gr.

92. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

54. gr.

Í 3. mgr. 93. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

55. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

56. gr.

96. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

- a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
 - b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
 - c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
 - d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
 - e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
 - f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
 - g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
 - h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
 - i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
 - j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.
2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

57. gr.

97. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 96. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og

veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmatum tilgangi.

58. gr.

98. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

59. gr.

99. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upp-tæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 98. gr.

60. gr.

116. gr. laganna verði 100. gr.

61. gr.

101. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fella Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

62. gr.

102. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

63. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn svo og fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiðifélag“. Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum.

64. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G**um gæðamat á æðardún.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Hverri dúnsendingu skal fylgja vottorð matsmanna um, að dúnninn sé metinn og veginn. Skal sýslumaður (lögreglustjóri) votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatismaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á æðardún, sem út er fluttur, skuli einnig ná til duns, sem seldur er á innlendum markaði.

3. gr.

Allan dún skal merkja greinilega með merki útflytjanda.

4. gr.

Nánari reglur um mat, merkingu og meðferð dunsins setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum til matsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Matsmenn æðarduns skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi og fylgja settum reglum. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup dúnmatsmanna greiðir útflytjandi eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi, sbr. 4. gr. Ekki mega matsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning dunsins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út æðardún.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um kaup á sex skuttogurum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að sex skuttogara í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði skipanna, til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði allt að 7,5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra, og skulu kaupendur skipanna endurgreiða þetta framlag, þegar greiðslu lána, sem veitt eru samkvæmt 3. gr., er að fullu lokið, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur um það efni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 80% af andvirði þeirra til allt að 18 ára. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, enda skuldbindi kaupendur sig til að greiða til Ríkisábyrgðasjóðs ákveðinn hundraðshluta af brúttóafleverðmæti skipanna samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur, og gangi fé þetta til greiðslu afborgana og vaxta af lánunum og framlags úr ríkissjóði samkvæmt 2. gr.

Lán samkvæmt 1. mgr. skulu veitt lántakendum með þeim kjörum, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu fjöðlast:

1. Bochert, Silke, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1943.
2. Christensen, Sigríð Österby, húsmóðir að Laugarási, f. í Danmörku 6. febrúar 1937.
3. Finn Sigfússon, hljómlistarmaður í Danmörku, f. í Danmörku 16. apríl 1942.
4. Fredriksen, Svava Randi, bankaritari í Reykjavík, f. á Íslandi 13. marz 1945.
5. Frodason, Finnur Arnds Parelius, innanhúsarkitekt í Reykjavík, f. í Danmörku 20. janúar 1946.
6. Gomez, Ana Pancorbo, húsmóðir í Reykjavík, f. á Spáni 26. janúar 1921.
7. Grabst, Hildegard Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. febrúar 1943.
8. Graupner, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 26. febrúar 1939.
9. Gunnar Bjarnason, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
10. Heinzelmann, Ingrid Margarete, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Þýzkalandi 19. nóvember 1912.
11. Herrmann, Ernst Georg, sjónvarpstæknifræðingur, f. í Þýzkalandi 30. marz 1943.
12. Karhunen, Annikki Marjatta Antintytär, nuddkona í Reykjavík, f. í Finnlandi 30. maí 1940.
13. Lane, Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir, skrifstofustúlka í Grundarfirði, f. á Íslandi 21. marz 1936.
14. Lyras, Michael, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Grikklandi 7. september 1937. Fær réttinn 7. október 1970.
15. Malmström, Astrid Kristina Elisabet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 8. apríl 1936.
16. Marock, Marlis, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1942.
17. Nelke, Susi Martha Anna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 7. október 1927.
18. Niemenen, Sigurður Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. í Reykjavík 18. október 1946.
19. Owen, Haraldur, verkamaður á Selfossi, f. í Bandaríkjunum 13. ágúst 1948.
20. Owen, Margrét Anna, verkakona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 26. maí 1946.
21. Owen, Richard Bluford, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
22. Owen, Shirley, húsmóðir í Hornafirði, f. í Bandaríkjunum 1. apríl 1947.
23. Palumbo, Louis, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 17. febrúar 1954.
24. Pedersen, Ole, Reykjavík, f. í Danmörku 29. apríl 1948.
25. Poulsen, Annelise Friðbjörg, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 11. apríl 1941.
26. Reppin, Helga Ruth Ilse, húsmóðir í Ólafsfirði, f. í Póllandi 6. apríl 1938.
27. Sannerud, Arne, bóndi að Víðifelli í Fnjóskadal, f. í Noregi 11. marz 1926.

28. Schulze, Gisela Brigitta Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. marz 1931.
29. Símonarson, Simon Birgir, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. júlí 1948.
30. Stóra, Signy Hergerð, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 15. júlí 1936.
31. Thienelt, Erika Lina Hedwig, húsmóðir á Sauðárkróki, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1927.
32. Valtingojer, Richard, listmálari í Kópavogi, f. í Austurríki 2. ágúst 1935.
33. Vang, Hjórun Fribjörg, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 28. ágúst 1942.
34. Viderö, Napoleon, sjómaður á Suðureyri, f. í Færeyjum 23. febrúar 1935.
35. Viderö, Sylvie Lockey, húsmóðir á Ísafirði, f. í Færeyjum 21. okt. 1943.
36. Þóra Bjarnadóttir, Hurðarbaki, Borgarfirði, f. í Reykjavík 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsliður 56. gr. laganna orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967, bætist nýr töluliður, sem verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerðarmenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breytist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka fullt kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögini taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags

á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/ eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenskan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði.

4. gr.

Hlutfé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Einkabönkum er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir, svo og opinberum sjóðum í landinu að áskildu samþykki ríkisstjórnar. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G**um Útflutningsláναςjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð, er nefnist Útflutningsláναςjóður.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnláναςjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslána sjóðs er:

- a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,
- b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðn-greinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

4. gr.

Um stjórn sjóðsins og rekstur fer eftir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. maí 1966.

7. gr.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagnsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

4. maí 1970.

Nr.49.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 90. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, mánadaginn 4. maí 1970.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um skipamælingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljóttandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

2. gr.

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt Alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

3. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttórúmllestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 2. gr.

4. gr.

Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmíður eða fyrirsvarismaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík siglingamálastjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem siglingamálastjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanhorðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

5. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmllestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 4. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmllestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmllestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

6. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma,

og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 4. gr. Skal þá mæla skip að nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatala þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

7. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla það að nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipinu, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

8. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema siglingamálastjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

9. gr.

Siglingamálastjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

10. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir heiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Heimilt er að mæla erlend skip, er þau koma hingað, hafi þau ekki gilt alþjóðamælibréf samkvæmt alþjóðasamþykkt, sem Ísland er aðili að, eða skip er frá ríki, sem Ísland er samningi bundið um gagnkvæma viðurkenningu mælibréfa.

11. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirlögdum þess ríkis eftirrit af mælingabréfi ásamt mælingarskýrslum, ef það ríki er bundið við alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að, eða við gagnkvæman samning um viðurkenningu mælibréfa.

12. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenska aðila eða því er breytt, sbr. 5. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér, áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, sem Ísland er aðili að. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

13. gr.

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt lögum þessum, skal fá alþjóðlegt mælibréf („International Tonnage Certificate“), og skal texti þess vera bæði á íslenzku og ensku.

14. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum, létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi eftir föngum öllu, sem því kann að tálma.

15. gr.

Gjöld í rikissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum siglingamálastjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.

16. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem mæltar eru á hendur þeim í lögum þessum, varða sektum í rikissjóð frá 2000 til 20 000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum.

REKINGARFJÓRÐUR

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um skipamælingar, nr. 23 20. marz 1950, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

12. maí 1970.

323

Nr. 51.

L Ö G

um Siglingamálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með öryggismál skipa.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smíðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Siglingamálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykktu um öryggi mannlífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslensk skip samkvæmt þeim.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykktu, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftár, þegar sérstök ástæða þykir til, í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenskan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslensk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfisnöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu, og annan gagnlegan fróðleik um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.

11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannaalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Forseti skipar siglingamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

5. gr.

Siglingamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila eða félög, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.

7. gr.

Siglingamálastjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrutafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

9. gr.

Siglingamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

Ef siglingamálastjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er siglingamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi siglingamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Siglingamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:

1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítará).
8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

II. eftirlitssvæði:

10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Öfundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:

17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:

24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:

32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

11. gr.

Siglingamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður siglingamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

12. gr.

Siglingamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar, og skal siglingamálastjóri setja þeim starfsreglur.

13. gr.

Siglingamálastjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum siglingamálastjóra.

14. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum siglingamálastjóra. Heimilt er þó siglingamálastjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Siglingamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti, eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

16. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem stött er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita her þó álits eftirlitsmanns eða siglingamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfatöfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

17. gr.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðaskýringar:

1. Skip er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið.
2. Íslenzkt skip er hvert það skip, sem skráð er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána.
3. Farþegar eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipstjóri, skipshöfn og aðrir, sem starfa á skipi í þjónustu þess. Til farþega teljast þó ekki börn undir eins árs aldri né menn, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika.
4. Farþegaskip er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
5. Flokkað skip er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra samkvæmt reglugerð.
6. Þar, sem talað er um rúmlest, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2.83 m³), nema annars sé getið.
7. Vélskip er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu.
8. Opinn bátur er hvert það fljótandi far, sem ekki er varið ágangi sjávar með þilfari stafna á milli.
9. Fiskiskip er skip, sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
10. Svífskip er far, sem hvílir á samanþjöppuðu lofti milli botns þess og flatarins, sem það hreyfist yfir.
11. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenzkri skipshöfn.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og tækja, og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að.

II. KAFLI

Um haffæri skipa.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

- a. Ef gilt haffærissskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af Siglingamálastofnuninni eða trúnaðarmanni hennar.
- b. Ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa.
- c. Ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

5. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

6. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Skoðunarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu framkvæma skoðun, verði því komið við án verulegrar tafar, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er sjódómur á þeim stað kveður til.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skip er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent Siglingamálastofnuninni, og ákveður hún, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI

Störf eftirlits- og skoðunarmanna.

7. gr.

Eftirlitsmönnum Siglingamálastofnunarinnar ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga, tilskipana og reglugerða um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 10. gr., sbr. og 34. gr.

8. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar

geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða öðrum stöðum á svæðinu, þar sem sérstök þörf er eftirlits, ber honum, að fengnu samþykki siglingamálastjóra, að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

9. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er um ræðir í lögum þessum og tilskipunum og reglugerðum samkvæmt þeim, sem gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið á þar heimilisfang eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þess eðlis, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og kveður hann þá sérfróðan mann eða menn til aðstoðar skoðunarmönnum.

Ef þörf krefur, getur siglingamálastjóri kvatt skoðunarmann til að framkvæma skoðun utan umdæmis síns.

10. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé þeim kröfum um öryggi skipa, sem gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Eftirlits- og skoðunarmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum, svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir ekki láta skoðunartottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. Skrá skal í eftirlitsbók skips, hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður tilkynna siglingamálastjóra málið, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

11. gr.

Verði skipaskoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarféлага sjómanna á staðnum, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskrán-ingarmenn varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir, settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athugun máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns Siglingamálastofnunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

12. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og aukaskoðun.

13. gr.

Skoðun á þilskipum annast að minnsta kosti tveir sérfróðir skoðunarmenn. Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

14. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipi, sem hér segir:

- a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það að nýju.
- b. Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skráningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
- c. Á öllum öðrum skipum ár hvert.

15. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatakja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi og framvísað er gildu flokkunarskírteini, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. jan. 1926 um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og Siglingamálastofnunarinnar.

Nú hefur ríkisstjórnin viðurkennt flokkunarfélag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, sem félagið hefur sett um skip þau, er það hefur flokkað, gildi sem réttarreglur hér á landi um öll þau atriði, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum.

16. gr.

Að lokinni aðalskoðun skipa skulu skipaskoðunarmenn senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina eftir fyrirmynd, er siglingamálastjóri setur. Eftirlitsmaður sendir síðan siglingamálastjóra skýrsluna ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal siglingamálastjóri, eftirlitsmaður eða skoðunarmaður, sem til þess hefur fengið sérstaka heimild frá siglingamálastjóra, gefa því haffærisskírteini. Skírteini þau, sem út skulu gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 17. júní 1960, skal þó siglingamálastjóri gefa út.

17. gr.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skipa, heimili, kallmerki, rúmlestatala brúttó og nettó, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafir fiskiskipa, til hvaða ferða skírteinið gildir, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, sem

gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, enn fremur gildistími skirteinisins og útgáfudagur.

Haffærissskirteini skips skal gilda í eitt ár, enda glati skipið ekki rétti sínum til haffærissskirteinis á tímabilinu.

Siglingamálastjóri getur framlengt gildi skirteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Er honum heimilt að fela slíka framlengingu öðrum, opinberum aðila hverju sinni.

Haffærissskirteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, svo og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Siglingamálastofnunarinnar eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skirteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. VII. kafla.

18. gr.

Aukaskoðun skal gerð:

- a. Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 14. gr.
- b. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, vélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stjórn stéttarfélagss eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnunin gefa upp þann aðila, sem kært hefur, ef útgerðarmaður krefst þess.
- c. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til siglingamálastjóra.

19. gr.

Við aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

20. gr.

Nú fer fram aukaskoðun eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá siglingamálastjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

21. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 38. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óvilhallir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning skipa.

22. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Bolur, reiði og vélar.

1. Bolur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnspétt skilrúm.
3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—4. tölulið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að vera.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Siglingamálastjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýri-mannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt geta af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöln eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysaþættu.

2. Skip skulu bún tækjum til slökkvistarfa, og viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn eldhættu.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. Skal það ákveðið nánar í reglugerð.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistöki og viðhald.

Reglur um rúmmál, gólfllöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.

2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögn-um.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið, skulu settar af ráðherra að fengnu álitni landlæknis og siglingamálastjóra.

F. Fjarskiptatæki.

1. Öll skip með þilfari skulu búin talstöð eða loftskeytastöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskirteini fyrir slíka stöð samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöðvar þessar eru háðar eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út öryggiskirteini fyrir fjarskiptatækin í skipum, sem ekki falla undir ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu, sbr. 16. gr. laga þessara. Að lokinni skoðun tækjanna tilkynnir póst- og símamálastjórnin siglingamálastjóra árangur skoðunar á þeim og annað varðandi þau, sem ástæða þykir til.

G. Eftirlitsbók.

1. Auk skjala þeirra og bóka, sem fyrirskipuð eru í öðrum lögum og reglugerðum, skulu skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð eftirlits- og skoðunarmanna um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Gerð og færslu eftirlitsbókar skal hagað á þann hátt, er siglingamálastjóri kveður á um.

H. Lög og reglur.

1. Eintak þessara laga ásamt reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu vera í skipi, svo og eintök annarra laga og reglna, eftir því sem boðið kann að vera.
2. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar og leiðbeiningar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.

23. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 22. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannlífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

24. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal siglingamálastjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

25. gr.

Þegar skip, sem telst ekki farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að álitum siglingamálastjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

26. gr.

A. Nýsmíði skipa.

1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar. Sá, sem tekið hefur að sér smíði skips, skal senda siglingamálastjóra tilkynningu þar um ásamt smíðalýsingu og uppdráttum þeim, sem siglingamálastjóri telur nauðsynlega vegna eftirlitsins. Skulu uppdrættirnir vera í þrírítu, nema siglingamálastjóri telji færri nægja.
2. Um nýsmíði skipa fer eftir reglum, sem ráðherra setur, og þar sem þær ná ekki til, skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa.
3. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar siglingamálastjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaefirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu sérfróðir starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun siglingamálastjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. Einnig skal siglingamálastjóra heimilt að fela eftirlitið hæfum stofnunum eða einstaklingum.
4. Eigendum skipa, skipasmíðum eða siglingamálastjóra er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skipa, annarra en tréskipa, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra, að því leyti sem þær ná til.
5. Siglingamálastjóri skal annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenskum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

B. Breytingar á gömlum skipum.

1. Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 14. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi siglingamálastjóra sé fengið fyrirfram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

C. Innflutningur skipa.

1. Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.
2. Skoðun skal fara fram á skipi, áður en það er keypt, þó þarf skoðunin ekki að taka til þeirra atriða, sem hin viðurkenndu flokkunarfélög annast, ef það hefur gilt flokkunarskirteini.

Siglingamálastjóri framkvæmir skoðun þessa, en má fela hana hæfri stofnun eða einstaklingi.

Er siglingamálastjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og að það sé eigi eldra en 12 ára.

27. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laganna getur ráðherra veitt skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Undanþágu samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að siglingamálastjóri mæli með henni, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

28. gr.

Ráðherra setur reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, sem það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI

Um hleðslumerki o. fl.

29. gr.

Þau islenzk skip, sem hleðslumerkjaskipþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini.

Ráðherra setur reglur um hleðslu annarra islenzkra skipa.

Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðherra setur.

30. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambandsins.

31. gr.

Á skip, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri, skal marka beggja megin að framan og aftan, hversu djúpt skipið ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri getur ákveðið, að djúpristumörk skuli sett á skip, þótt minna sé en að framan greinir, og hvernig þeirri mörkun skuli hagað.

32. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við toll-afgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum Siglingamálastofnunarinnar, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærnum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, gerðri í London 5. apríl 1966, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, getur siglingamálastjóri veitt því islenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi siglingamálastjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr.

33. gr.

Um flutning á hættulegum varningi og lausu korni skal farið eftir alþjóðareglum.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliði siglingamálastjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann.

34. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum. Skoðunarmenn geta hindrað för skips samkvæmt 3. mgr. 10. gr., unz úrlausn eftirlitsmanns er fengin.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda siglingamálastjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollfyrirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sinu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt.

35. gr.

Siglingamálastjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji siglingamálastjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

36. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 18. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

VIII. KAFLI

Um siglingadóm og rannsókn sjóslýsa.

37. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varaméðdómendur, alla til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn, án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár.

4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu vera sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki auka-dómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendum, eftir því hvernar sérþekkingar er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómarskilyrði samkvæmt lögum.

38. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 36. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.

39. gr.

Hinir reglulegu sjódomar annast sjópróf samkvæmt 39. gr. siglingalaga, nr. 66 31. des. 1963. Skulu prófin fara fram að hætti opinberra mála.

Þegar sjópróf skal halda, ber formanni sjóadóms að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf er haldið, aðvart um það.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farni, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsókn málsins, spyrja vitni með milligöngu dómara eða beint með samþykki hans og að fara fram á þær bókanir, sem hann telur nauðynlegar.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafist af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. Hann getur og krafist framhaldsprófs, ef honum þykir þess þörf.

Að sjóprófi loknu skal formaður sjóadóms senda siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómanna-sambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

40. gr.

Hinir reglulegu sjódomar fara með rannsóknir og dæma í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum. Saksóknari getur þó ákveðið, að mál, er hann telur sérstaklega mikilvæg, skuli dæmd af siglingadómi. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því, hvort heldur af sjálfsdáðum eða að fyrirlagi saksóknara.

Nú er refsímál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

41. gr.

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Siglingamálastofnuninni í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.

42. gr.

Málum, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 36. gr. laga þessara, skal beint gegn siglingamálastjóra. Þeim skal hraðað, svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli, svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódomsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða, frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

43. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

Skrifstofukostnaður siglingadóms, ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

44. gr.

Ráðherra skipar 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódoma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómanskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysaáætlu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir. Skal nefndin og starfsmaður hennar hafa náð samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna eða verulegt eignatjón. Skal fulltrúi nefndarinnar fyrir dómi hafa allan sama rétt og eftirlitsmaður samkv. ákvæðum 39. gr. laganna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólustjóra sjómanskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

IX. KAFLI

Um gjöld.

45. gr.

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skirteina, endurskoðun smíðauppdráttá og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til rikissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Þar skulu einnig sett ákvæði um fyrirkomulag innheimtu gjaldanna.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

46. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafðið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar siglingamálastjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þremur mánuðum frá því, er honum varð kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til dómstóla.

Siglingamálastjóri er í fyrirsvari fyrir rikissjóð í framangreindum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI

Um refsingar, sviptingu réttinda o. fl.

47. gr.

Ef eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, annar yfirmaður skips eða loft-skeytamaður brýtur í verki eða með vitaverðri vanrækslu gegn fyrirmælum í lög-um þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum eða varðhaldi. Dæma má fangelsisrefsingu, ef um stórfellt brot er að ræða.

Nú er skipi, sem eigi hefur haffærisskirteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn, eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá ekki beita vægari refsingu en varðhaldi.

48. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar þess eða búnaðar, vanrækir af ásetningi eða vitaverðu gáleysi störf sín samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varðar það hann refsingu eftir ákvæðum 1. mgr. 47. gr.

49. gr.

Um brot samkvæmt 47. og 48. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

50. gr.

Þegar um brot er að ræða samkvæmt 47. gr., má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða loftskeytamannsstarfs um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

Nú er dæmd refsing samkvæmt 2. mgr. 47. gr. eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað, og skal þá beita réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt.

Dæma má sökunaut samkvæmt 48. gr. réttindasviptingu um ákveðinn tíma, er eigi sé skemmri en 3 mánuðir.

51. gr.

Svipting réttinda samkvæmt 50. gr. skal gerð með dómi. Sá, er réttindum hefur verið sviptur, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

52. gr.

Þegar þrjú ár að minnsta kosti eru liðin frá því, að réttindasvipting var dæmd, getur dómsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt dómfellda réttindin aftur, enda þótt sá tími, sem til er tekinn í dómnum, sé eigi liðinn.

Endurveiting réttinda samkvæmt 1. mgr. er þó því aðeins heimil, að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestaæjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts.

54. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 24. gr. áfengisлага, nr. 82 2. júlí 1969, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

XI. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

55. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, lög nr. 24 7. apríl 1962, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, sem eigi fá samrýmzt lögum þessum.

56. gr.

Reglugerðir og reglur, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959 eða eldri lögum um eftirlit með skipum, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

57. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna siglingamálastjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsíákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um skráningu skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skráningarskyllt eftir lögum þessum er sérhvert skip, sem er 6 metrar á lengd eða stærra, þegar eignarrétti að því er svo háttað, sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenzka ríkisins, íslenzks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags, þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrír fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenzkra ríkisborgara.
5. Ef skip er eign hlutafélags, þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenzkir ríkisborgarar, sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu, sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár, og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjá fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar, sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til, þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

2. gr.

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. gr., teljast íslenzk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Siglingamálastjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem siglingamálastjóri setur.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helzt óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennishófstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eiganda. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.
Siglingamálastofnunin gefur árlega út skipaskrá yfir skráð íslensk þilskip.

5. gr.

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar, sem eigandi eða eigendur ætla því heimilisfang.

Siglingamálastjóri getur veitt eiganda þilskips einkarétt til nafns á skipinu. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu æti valdið. Þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, meðan það helzt í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr.

Um frumskráningu skips fer sem hér segir: Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem óskráð eru hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslenzks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublaði frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Siglingamálastjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem um getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskirteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingadómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr.

Siglingamálastjóri gefur út þjóðernisskírteini handa skráðum skipum, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernisskírteini gefið út handa því.

Skráningarskyld skip, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hafa mælibréf, eins og greinir í lögum um skipamælingar.

Í þjóðernisskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er út gefið, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar út gefin, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á þiljubita við aðallestaropið, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem vel fer á því.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip og nafnið á bóg þess. Ef skipið er fiskiskip, skal einnig setja umdæmisstafi og tölu á bóg þess.

Marka skal beggja megin að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri ákveður, hvernig haga skuli merkingu á skipum, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Breyta má nafni á skipi, þegar eigendaskipti verða að því, en þó svo, að ekki fari í bága við einkarétt á nafni, sbr. 5. gr. Ella verður nafni skips ekki breytt, nema leyfi siglingamálastjóra komi til. Þó að nafnbreyting verði, skulu einkennisstafir skips haldast óbreyttir.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og getur þá fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernisskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru eignarheimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernisskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernisskírteini, skal hann senda Siglingamálastofnuninni staðfest endurrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Bráðabirgðaðþjónustuskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

10. gr.

Þjóðernisskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafizt.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslensku skipi, sem þjóðernisskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 63 29. marz 1961, nafn skipstjóra þess, er við tekur, á þjóðernisskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn. Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernisskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

11. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, þegar svo stendur á sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað, nema glatað sé:

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini stendur, um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða að skipi.
5. Ef þjóðernisskírteini hefur glatazt. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernisskírteini sínu, og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda skal þá, eftir því sem við verður komið, farið eftir reglum 9. gr.

Ákvæði 1. mgr. um þjóðernisskírteini skulu einnig gilda um mælibréf.

12. gr.

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingadómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Þinglýsingadómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt staðfestu endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur borizt Siglingamálastofnuninni, skipið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, unz umskráning hefur farið fram.

13. gr.

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi, fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskipaskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingadómara í því þinglýsingaumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingadómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um

skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr.

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr.

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farið, svo að um sé kunnugt, og sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurzt í 6 mánuði.
3. Ef það er rífið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða, og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

Nú eru líkur til, að bætt verði úr skorti á þjóðernisskilyrðum, sbr. 1. tölul., að skipi verði bjargað eða það komi fram, sbr. 2. tölul., að gert verði við skip, sbr. 3. tölul., eða að skip verði að nýju tekið í notkun, sbr. 4. og 5. tölul., og getur siglingamálastjóri þá ákveðið, að afmáningu skips af aðalskipaskrá skuli frestað um tiltekinn tíma, er hann metur eftir aðstæðum hverju sinni. Aldrei má þó veita lengri frest en 6 mánuði til að bæta úr skorti á þjóðernisskilyrðum.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur hlotið þjóðernisskírteini, skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni, nema glatað sé.

16. gr.

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingadómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum réttihöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr.

Skráningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingadómurum.

18. gr.

Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr.

Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðal-skipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernisskirteini.

Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernisskirteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað bresti á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

20. gr.

Fyrir útgáfu þjóðernisskirteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernisskirteini, áritun á mælibréf, endurrit þjóðernisskirteinis, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

21. gr.

Hver, sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar, að gefið er út þjóðernisskirteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi, sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslenzku þjóðernisskirteini, eftir að honum er kunnugt um, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 100 000 krónum, varð-haldi eða fangelsi.

22. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Sérstök áherzla skal lögð á eftirfarandi:

- a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
- b. að afla upplýsinga eftir fongum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
- c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
- d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
- e. að vera sveitarstjórnnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

3. gr.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að rannsaka möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast rannsóknina. Sæti í samstarfsnefnd eiga fulltrúar, sem hver sveitarstjórn kýs, sem hlut á að máli. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við ráðuneytið, enda skal það láta þeim í té hvers konar aðstoð, sem það telur horfa til frekari sameiningar.

Að lokinni rannsókn þessari skal samstarfsnefnd skila álitni til hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur af sjálfsdáðum gert tillögu um sameiningu tilgreindra sveitarfélaga, og er þá sveitarstjórnnum þeim, sem hlut eiga að máli, skylt að kjósa samstarfsnefndir, sbr. 3. gr., og fela þeim að rannsaka möguleika á sameiningunni.

Ákvæði 3. gr. gilda um slíkar nefndir.

5. gr.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað álitni sínu um sameiningu, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða, hvort og hvernig sameiningin skuli vera. Hafa skal tvær umræður í sveitarstjórn um málið samkvæmt 28. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

Nú verður ágreiningur innan sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins, og er þá sveitarstjórn heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu innan sveitarfélagsins um sameininguna. Sveitarstjórn ákveður, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Félagsmálaráðuneytinu er og heimilt að ákveða, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla um sameiningu í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn þess hefur fellt ályktun um sameiningu,

og ákveður það þá jafnframt, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram. Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur, samkvæmt þessari málsgrein, fer eftir því, sem við getur átt, samkvæmt lögum nr. 5 frá 1962, um sveitarstjórnarkosningar. Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við slíka atkvæðagreiðslu, verður það sveitarfélag ekki sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

Hafi sameiningin hlotið samþykki, annaðhvort með eða án atkvæðagreiðslu, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ákveða um gildistöku sameiningar, fjárhagsmálefni sveitarfélaganna og önnur atriði, sem um ræðir í 9. gr. laga þessara.

Ályktanir samkvæmt grein þessari skulu sendar ráðuneytinu til frekari fyrirgreiðslu.

6. gr.

Þegar ráðuneytinu hafa borizt ályktanir sveitarstjórna, sbr. 5. gr., skal leitað álits hlutaðeigandi sýslunefnda eða sýslumanna fyrir þeirra hönd um málið. Rétt er að ákveða hæfilegan frest til þess að skila áliti.

7. gr.

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafa borizt samþykktir sveitarstjórna um sameiningu, sbr. 5. gr., ásamt álitsgerðum og tillögum, sbr. 6. gr., getur það ákveðið, að sameining skuli fram fara.

Ráðuneytinu er heimilt að skipta hreppi, ef slík skipting telst nauðsynleg, til þess að sameining á hluta eða hlutum úr hreppnum við nágrannasveitarfélag eða nágrannasveitarfélög geti orðið með þeim hætti, að hinn nýi hreppur eða hreppar fái eðlileg hreppamörk miðað við staðhætti. Slík hrepps skipting getur þó ekki farið fram, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykki hana. Leita skal umsagnar sýslunefndar um skiptinguna, áður en hún verður framkvæmd.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Samþykki Alþingis þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru kjördæmi.

Félagsmálaráðuneytið hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og út gefnar nýjar samþykktir og reglugerðir, sem gilda í hinu nýja sveitarfélagi.

8. gr.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt 7. gr., skal það gefa út tilkynningu um sameininguna, sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin gangi í gildi, tölu sveitarstjórnarmanna svo og, hvort kosning samkvæmt 9. gr. skuli fram fara og hvenær.

9. gr.

Þegar tvö eða fleiri sveitarfélög hafa verið sameinuð í eitt, getur ráðherra ákveðið, að sveitarstjórnarmenn verði fleiri í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags en ráð er fyrir gert um tölu sveitarstjórnarmanna í 13. og 14. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, ef þess er óskað af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga, sem sameinuð eru. Samkvæmt ósk sömu aðila getur ráðherra og ákveðið, að kosningar skuli fara fram til hinnar nýju sveitarstjórnar þegar við sameiningu svo og kjördag slíkra aukakosninga. Kjörtími er þá til næstu almennra sveitarstjórnakosninga.

10. gr.

Hreppsnefndir, sem skipaðar eru níu hreppsnefndarmönnum eða fleirum, geta ákveðið að setja fastar nefndir til að fara með einstök hreppsmál og hreppsráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinnna málefna hreppsins ásamt sveitarstjóra. Um slíkar nefndir og hreppsráð gilda ákvæði 36.—37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, eftir því, sem við á.

Heimilt er hreppsnefndum, sbr. 1. mgr., að setja samþykktir um stjórn hreppsmála, sbr. 38. gr. laga nr. 58/1961, og gilda þá ákvæði þeirrar greinar eftir því, sem við á.

11. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að Jöfnunarsjóður veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu hreppa umfram þá aðstoð vegna skuldabyrða, sem heimiluð er í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 51/1964, þegar sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, eiga við óvenjulega erfiðleika að stríða vegna framfærsluþunga eða annarra hliðstæðra verkefna.

12. gr.

Þegar hreppar, sem eru í dreifbýli, verða sameinaðir kaupstað eða kauptúni, er sveitarstjórn hinna sameinuðu sveitarfélaga heimilt að ákveða um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu:

1. að innheimta skuli fasteignaskatt, sbr. 5. gr. laga nr. 51/1964, með allt að 400% álagi. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir með tilheyrandi jarðarhúsum.
2. að útsvör, sem lögð eru á gjaldendur, sem eiga lögheimili á bújörðum og hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaðarstörfum þar, verði lægri en annarra gjaldenda, þannig að frávik frá útsvarsstiga verði hagstæðara fyrir þá.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar, ef íbúatala hreppsins er lægri en 30.

Til þess að koma í veg fyrir, að sveitarfélag, sem til verður samkvæmt 1. mgr. greinar þessarar, búi við óeðlilega mikla fjárhagsbyrði vegna sameiningarinnar, getur ráðherra veitt sveitarfélaginu árlegan styrk úr Jöfnunarsjóði í allt að fimm ár.

Birta skal tilkynningu um sameiningu samkvæmt grein þessari á sama hátt og fyrir er mælt í 8. gr.

14. gr.

Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samstarfsnefndir þær, sem eru starfandi, skulu starfa áfram eftir gildistöku laga þessara, þar til þær hafa lokið störfum, eða hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa kosið nýjar samstarfsnefndir, samkvæmt lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um Alþýðubankann h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Alþýðubankinn h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það að markmiði að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónir króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins.

3. gr.

Heimili og varnarþing Alþýðubankans h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú og umboðsskrifstofur, sbr. þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Alþýðubankinn h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu þá yfirtöku.

5. gr.

Stjórn félagsins (bankaráð) skal kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur bankastjóra erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans (félagsins). Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærrí arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bófum, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

- a) Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
- b) Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
- c) Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
- d) Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
- e) Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
- f) Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans (bankaráðs), telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu réttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist nýr staflíður, svo hljóðandi:

- d. vegna uppskerubrests á kartöflum samkvæmt reglum, sem Bjargráðastjórn setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags Tryggingasjóðs fiskiskipa beri brýna nauðsyn til að auka tekjur sjóðsins. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því, að tekjur sjóðsins nægðu fyrir útgjöldum hans, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi, einkum síldarútvegi, hefur hann þegar safnað miklum skuldum enda er halli fyrir-sjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og hækka útflutningsgjöld, einkum magngjöld, og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarks-verðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo: Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1500.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söltuðum smáfiski, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulíð vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld. Heimilt er frá 1. janúar 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar vegna umbúðakostnaðar kr. 300.00 fyrir hvert 100 kg innihalds.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en $\frac{1}{3}$ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádrögnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 74.

1. júní 1970.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins beri brýna nauðsyn til að auka tekjur deildarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því, að tekjur deildarinnar nægðu fyrir útgjöldum hennar, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi og nýrra kvaða, er á deildina hafa verið lagðar hefur hún þegar safnað skuldum enda er halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarksverðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað „1%“ í 3. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 16. gr. þeirra laga, komi: 1.5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1970

30. júní 1970.

393

Nr. 75.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna
og bryta á íslenskum farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra loftskeytamanna og Félagi bryta, frá 21. þ. m. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og engar horfur séu á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi valdið stöðvun farskipa landsmanna og margvislegum truflunum og erfiðleikum og sé nú svo komið, að erfitt sé með geymslu frystra fiskafurða, því frystigeymslur séu að fyllast og aðkallandi að geta rýmt þar til með útflutningi afurðanna. Einnig sé þegar orðinn skortur á olíu og benzín, svo og ýmsum hráefnum til iðnaðar og þannig fyrirsjáanleg alger stöðvun helztu atvinnugreina landsmanna.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1970, kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta í meginatriðum miða við eftirfarandi:

- Kjarasamninga stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta, frá 22. maí 1969.
- Launa- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í júní 1970.
- Gildandi kjarasamninga sambærilegra starfshópa, sem vinna í landi.
- Þau kjaraatriði, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli fulltrúa nefndra stétta og eigenda farskipa, skuli tekin til greina í úrskurði gerðardómsins.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta, sem hófst 21. júní 1970.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 3. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 22. maí 1969, að viðbættu 15% álagi á útborgað kaup, eins og það var 1. júní 1970 og fullum visitölubótum, gilda þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1970, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Eftir 30. nóvember 1970 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig, með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1970 gildir úrskurður gerðardóms, meðan honum er ekki löglega sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

25. júní 1970.

395

Nr. 76.

L Ö G

um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 64. gr. laga nr. 38 11. maí 1970, um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, hef látið fella meginmál hinna fyrrgreindu laga inn í lög nr. 53 5. júní 1957, og gef þau út svo breytt sem lög um lax- og silungsveiði.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

All: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettur, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggji og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr.

Fiskur: Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnbogasilungur (*S. irideus*) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánétjast í eða króast, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Kvisl: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Ós í á: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar

sem straumlína hverfur um stórstraumslágflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnauriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél: sjá föst veiðivél.

II. KAFLI

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.

2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki að fengnu álitu veiðimálastjóra.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbyli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati. Erfðafestuhafi skal fara með atkvæði jarða í erfðafestu í stað eiganda. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá fulltrúi frá eigendum, er fer með eitt atkvæði fyrir þá jörð.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.

3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 94. og 96. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan. Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsparfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en hjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningsi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningsi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförunu í almenningsi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.), en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.
2. Í skránni skal greina:
 - a. Nafn veiðivatns og legu.
 - b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stunduð verið.
 - c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
 - d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
 - e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
 - f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
 - g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.
3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.
4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt veiðifélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.
2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.
2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.
3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

13. gr.

1. Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.
2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

IV. KAFLI

Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.
4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.
5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 94. og 96. gr.
6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.
2. Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m³ á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu álití veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyli eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. mgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.
4. Ráðherra er rétt, með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði eða tiltekna veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 94. gr., ef eigi semur.

17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún

tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmrá liggi frá bakka en nemi þriðjung af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 94. gr.

18. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur brygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilungur má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

19. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangaveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Með sama skilorði má lengja friðunartímann um allt að 24 stundir, verði talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarbring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

20. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda

við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 94. gr., ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

22. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því, sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða veiðifélags, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í. Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

3. Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

23. gr.

1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

- Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
- Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
- Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.
- Alifisk.

3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.

V. KAFLI

Um friðun vatnasilungs.

24. gr.

1. Vatnasilungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði eigi skemmri tíma en í 3 mánuði á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. marz ár hvert. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, en leita skal hann umsagnar veiðifélags.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma þeim, er getur í 1. mgr., þar sem friðunartími er ákveðinn lengri en 4 mánuðir. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

25. gr.

1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungvíði safnast fyrir.

2. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka eða fella með öllu niður friðun þá, er getur í 24. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda þyki nauðsynlegt að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan fiskstofn í því skyni að rækta annan stofn kynbetri.

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

4. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

26. gr.

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lagnet og króknet.

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

4. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til vísindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

5. Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabíl, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

6. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni

vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

29. gr.

1. Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo, að af verði gildra.

3. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

4. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu. Slik varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króast. Veiðimálastjóri setur reglur um gerð varnarnetja.

30. gr.

1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag. Nú verða öll net tekin upp ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.

3. Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum né stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur.

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

5. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 4. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 94. gr. laga þessara.

31. gr.

1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má, að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr. Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.

2. Inngangur í veiðikrær skal vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja á móti straumi né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem forstreymis gengur.

32. gr.

1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 50 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. Veidimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

4. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

33. gr.

1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en $\frac{2}{3}$ hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

34. gr.

1. Aldrei má föst veiðivél, né nokkur hluti hennar, ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd ár, en $\frac{3}{4}$ af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlinu eða í miðjan höfuðál óss eða ósasvæðis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Í kistum og gördum að kistum má eigi vera skemmra á milli spela en 4.5 cm.

3. Garður að lagneti og krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjast eða orðið fastur í honum. Veidimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs.

4. Eigi má hafa fleiri en eitt lagnet, einn krók, kistu eða veiðikró í veiðivél hverri.

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni og á land flutt. Veidimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veidimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

6. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo fljótt sem unnt er. Veidimálastjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

35. gr.

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem

skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veila undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

36. gr.

1. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá skylt, þá er krafizt er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og áður.

3. Bannað er að stýggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

37. gr.

Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 4. mgr. 27. gr.

2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.

3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.

5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr.

1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni, enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegur og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegur, og þola verður hann þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því, sem segir í 1. og 2. mgr.

40. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 50 metra né nær efra mynni hans en 30 metra. Ákvæði þetta tekur þó eigi yfir veiði til klaks eftir veiðitíma né yfir veiði til vísindaparfa, enda hafi sá, er veiðir, fengið veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

41. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegur er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

- a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.
- b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hált sem fiskvegur.
- c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegur og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegur, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu, og getur þá veiðimálastjóri krafist þess, að húið sé svo um skurð eða leiðslu, að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

43. gr.

Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar, og skal þá haga miðlun þannig, að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga, þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

VIII. KAFLI
Um veiðifélög.

44. gr.

1. Skytt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

- a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
- b. Að láta stunda veiði.
- c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
- d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skytt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lifsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

45. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

- a. Heilt fiskihverfi.
- b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
- c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
- d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

46. gr.

1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

- a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.
- b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.
3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

47. gr.

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skytt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir

fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmaður, ef hann er löglega boðaður.

48. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli við gildistöku laga þessara, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

49. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmaður samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmeata samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

3. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.
- c. Verkefni félags.
- d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- e. Reikninga félags og endurskoðun.
- f. Meðferð á afla félags eða arði og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

4. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 45. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

50. gr.

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurrjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildis-

töku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 94. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 94. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.

51. gr.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð.

52. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

53. gr.

Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 47. og 48. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmatum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

54. gr.

Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði, og er ábúanda hennar þá skylt að gerast félagi. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar á fund, og á hann þar atkvæði um málið.

55. gr.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

56. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggja að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtöllum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða

arðskrá, og skal þess getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

57. gr.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði húa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

58. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

59. gr.

1. Nú verða ábtúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhluðfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

60. gr.

1. Nú starfar veiðifélag við fiskihverfi, þar sem áður var engin veiði eða svo lítil, að hún var eigi talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu rétt að gera samþykkt á lögmatum félagsfundu um fullnaðarfríðun fisks í því fiskihverfi eða fríðun gegn allri veiði eða tilteknum veiðiaðferðum.

2. Samþykkt um fríðun samkvæmt 1. mgr. gildir um 5 ár í senn, nema meiri hluti félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra mæli svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkvæmt 52. gr.

61. gr.

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka fríðun eða láta vikufríðun gilda aðra daga oftar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarks lengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks. sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmatum félagsfundur samþykkir með $\frac{2}{3}$ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

IX. KAFLI

Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

62. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkis- sjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

63. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

64. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 62. og 63. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

65. gr.

Peir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

66. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og upprættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

67. gr.

Skýlt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og tækmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

68. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Um búnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 41. gr.

69. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

70. gr.

Ákvæði 21., 27., 28. og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

71. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

72. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

73. gr.

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunar-svæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

74. gr.

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

X. KAFLI

Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

75. gr.

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisk-sjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimála-stjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómaramannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

76. gr.

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hroгна slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

77. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

78. gr.

1. Sóttþreinsa skal hrogn, ilát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyriræli um sóttþreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirælium yfirdýralæknis.

79. gr.

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að

flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sótthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

80. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunnsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

81. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

XI. KAFLI

Um álaveiðar.

82. gr.

Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.

XII. KAFLI

Um ófriðun sels.

83. gr.

Rétt er að skjóta eða stýggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

84. gr.

1. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungi í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

85. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 84. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

XIII. KAFLI

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

86. gr.

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

87. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.
2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:
 - a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum.
 - b. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
 - c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur.
 - d. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.
 - e. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
 - f. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði.
 - g. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

88. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrjú menn eru á fundi.

4. Ákvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmat.

89. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsta för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður

krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhusi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

90. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans að tiltölu við veiði hvers þeirra um sig næstliðið ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi, og má taka það lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

XIV. KAFLI

Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

91. gr.

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
- b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
- c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
- d. 3% af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
- e. Aðrar tekjur.

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker ráðherra úr.

92. gr.

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

2. Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að $\frac{1}{3}$ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar.

93. gr.

Veita skal lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, til framkvæmda þeirra, sem getur í 92. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

XV. KAFLI

Um matsgerðir og skaðabætur.

94. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlinu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

95. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirhona honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 94. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

96. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfars.

97. gr.

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

- a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
- b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
- c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.

- d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
 - e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
 - f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
 - g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
 - h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
 - i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
 - j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.
2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum um allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

98. gr.

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 97. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

99. gr.

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

100. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 99. gr.

101. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

102. gr.

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra, samkvæmt tillögu landbúnaðarráðherra, að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

XVII. KAFLI Niðurlagsákvæði.

103. gr.

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 25 18. apríl 1970 um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 14 20. júní 1923 hef látið fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 43 2. maí 1968 inn í lög nr. 14 20. júní 1923 um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. og gef þau út svo breytt.

1. gr.

Bannaður er tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verzlun með það.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reyktt.

2. gr.

Lýfsölum er heimilt að búa til og vinna úr, flytja inn og út og verzla með óunnið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hvers konar efnis-blöndun, sem í er meira en $\frac{1}{5}\%$ af morfín eða meira en $\frac{1}{40}\%$ af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari reglur um afhendingu lækna á umgetnum lyfjum. Áfengisverzlun ríkisins er heimilt að útvega læknum lyf þessi frá útlöndum, svo sem önnur lyf.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari ákvæði um tilbúning og úrvinnslu, inn- og útflutning, svo og verzlun og afhendingu á nefndum efnum, og setur reglur um eftirlit með slíkri iðju og verzlun.

3. gr.

Unnið og óunnið ópíum, ópíum til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín ber að skilja í lögum þessum samkvæmt skilgreiningum alþjóðaópíumfundar 23. janúar 1912.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megí þau á líkan hátt, eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Óheimilt er að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði laga þessara taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd. Gera skal upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 milljón króna eða varðhaldi og fangelsi allt að 6 árum, ef um stórfellt brot er að ræða. Það telst stórfellt brot, ef lyfjum þeim eða efnum, sem undir lögina falla og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, er dreift til margra manna eða þau seld gegn

verulegu gjaldi, eða ef um er að ræða innflutning, útflutning, vörzlu, verzlun, mót-töku, afhendingu, framleiðslu eða vinnslu þessara lyfja eða efna í því skyni að selja þau, eða dreifa þeim til margra manna eða gegn verulegu gjaldi með öðrum hætti en lög þessi eða lyfsölulög heimila.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

10. ágúst 1970.

Nr. 78.

L Ö G

um lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 59 12. maí 1970 um breytingu á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga nr. 59/1970 inn í lög nr. 78 28. apríl 1962 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld til sjóðsins og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélag yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegs- manna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátt- töku samkvæmt þessari málsgrein skal þá veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkom- andi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skrif- lega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tíma-

bils. Ráðherra skal ákveða, að sjómenn sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram kæmu um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Um slíka sjóði skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimtu-rétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum samkvæmt 2. málsg., sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð. Stjórn sjóðsins setur reglur um iðgjaldagreiðslur í slíkum tilvikum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerð farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togarar tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

4. gr.

Réttindi þau, er sjóðfélagar öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn, tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Landsambandi íslenzkra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðarbygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóð-

um skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1956, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxt- að eftir því, sem við verður komið, í tryggu lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar beri eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

11. gr.

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af launum, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. 3. gr. skulu reiknast af heildar- arlaunum, er sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Skulu launa- greiðendur halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsg. 3. gr. skulu á árinu 1970 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000,00
Fyrir 1. stýrim. og 1. vélstj.	— 18 000,00
Fyrir 2. stýrim., 2. og 3. vélstj., netam. og matsvein ..	— 16 000,00
Fyrir háseta	— 14 000,00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1969, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðirnar reiknaðar í heilum tugum króna.

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launa- greiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

12. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orð- inn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

3. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

4. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Vegamálastjóri semur, í samráði við sýslunefndir, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

Er sýsluvegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

Sýsluvegáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgönguráðherra staðfest hana.

5. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist þannig:

Vegaskattur skal nema 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 0.6 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

6. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 7.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

7. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzin að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 22 000.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngrri greiðast kr. 22 000.00 og auk þess kr. 750.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið þrjá gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannfutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 350.00

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1971, og tillögu til bráðabirgða-vegáætlunar fyrir árið 1972.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1971 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkvæmt III. kafla vegalaga, sbr. 1. gr. laga þessara, og nái áætlunin yfir árin 1972—1975.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1972—1975 skulu gerðar fyrir 1. október 1971.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

28. desember 1970.

Nr. 100.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laganna verði þannig:

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur
12.09	00 Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið	0	
15.07	85 <i>Sólrósarolía</i>	21%	
15.07	86 <i>Rapsolía, colzaolía og mustardsolía</i>	21%	
15.07	92 <i>Rísínusolía</i>	21%	
15.07	93 <i>Önnur</i>	21%	
17.03	02 Falli niður.		
17.03	09 Annað	20%	
21.07	07 Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07	50%	
22.01	01 Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%	70%
22.02	00 Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	100%	70%
22.03	00 Öl gert úr malti	100%	70%
24.02	32 Neftóbak	35%	25%
25.12	Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt:		
	01 Kísilgúr	20%	14%
	09 Annað	20%	

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
25.21		Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu:		
	01	Kalkáburður	0	
	09	Annað	20%	
28.04	30	<i>Vatnsefni og eðalgös</i>	7%	
32.08	00	Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur	15%	
32.09	03	Áldeig	20%	14%
33.04	03	Bökunardropar	30%	21%
33.06	01	Hárliðunarvökvar, hárlíðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárkrem, hárfvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni	100%	70%
33.06	03	Húðkrem, húðolía og rakspritt	100%	70%
34.02	02	Falli niður.		
38.11	02	Efni til að hindra spírur eða til eyðingar illgresis; jurtalyf ..	20%	
38.19	11	Hemlavökvi og frostlögur	35%	
38.19	12	Steinefnablöndur til vegamerkinga	20%	
38.19	15	Prófefni (reagenser), svo og hitakeilur	25%	
39.01	08	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., óáletrað, glært eða mattað, yfir 0.4 til og með 1.0 mm á þykkt	20%	
39.02	92	Plastplötur, báraðar	15%	
39.02	93	Hitacínangrunarplötur til húshygginga	40%	30%
39.02	94	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., óáletrað, glært eða mattað, yfir 0.4 til og með 1.0 mm á þykkt	30%	21%
39.02	99	Annað	40%	
39.03	25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0.4 mm og þynnra	15%	
39.04	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
39.04	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%	
39.04	04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
39.05	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
39.05	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%	
39.05	04	Límbönd	25%	
39.05	05	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2 ¹ / ₂ mm í þvermál	4%	4%
39.06	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir	25%	
39.06	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%	
39.07	45	Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a.	90%	65%
39.07	77	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%
39.07	89	Aðrar vörur úr plasti	70%	
40.07	00	Þræðir og snúrur úr toggúmmú, einnig þakið spunavörum; spuna-garn, gegndreypt eða þakið með toggúmmú	30%	21%

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
40.08	04	Stengur, prófílar og bönd	25%	
42.03	05	Rafsuðuhanzkar, hlífðarsvuntur, hlífðarermar úr leðri	7%	
42.05	09	Annars	65%	
43.01	00	Loðskinn, óunnin	30%	21%
43.02	00	Loðskinn sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman	35%	25%
44.27	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%	65%
44.28	94	Líkkistur	70%	50%
44.28	99	Annars	70%	
46.02	09	Annað	60%	
46.03	09	Annað	100%	
48.09		Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum:		
	01	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt	20%	
	09	Aðrar	30%	
48.13	00	Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum	7%	
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, sement og áburð, enda sé á þeim viðeigandi áletrun, svo og aðrir margfaldir pappírspokar til umbúða, að flatarmáli 0.2 m ² og stærri	15%	11%
48.19	01	Vörur- og merkimiðar, óáprentaðir	30%	21%
48.21	03	Lampar og lampaskermar	90%	65%
48.21	09	Falli niður.		
48.21	11	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%
48.21	19	Annars	70%	
51.04	10	Falli niður.		
Inn komi:		Úr syntetiskum trefjum:		
51.04	11	Grófur einskeftur vefnaður úr flötum einþáttungum 3—5 mm á breidd	2%	2%
51.04	19	Annað	25%	20%
59.04	03	Falli niður.		
59.06	03	Öngultaumar	4%	4%
62.05	02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
62.05	09	Falli niður.		
62.05	11	Skóskraut úr spunavöru	10%	7%
62.05	19	Annars	80%	55%
65.06	01	Hlífðarhjálmar	7%	
68.04	00	Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir	7%	

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
68.05	00	Bryni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrulegum steintegundum, úr samanlímðum náttúrulegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir	7%	
68.16	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	20%	
69.03	00	Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deigluur, múffluur, stútar, tappar, fótstykkí, kælislögur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01	14%	
69.13	01	Lampar og lýsingartæki	90%	65%
70.01	00	Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler) ..	18%	
70.02	00	Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum	18%	
70.03	00	Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler) óunnið ..	18%	
70.04	00	Óunnið steipt eða vasað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með réttþyrningslögum, einnig mynstrað	18%	
70.05	00	Óunnið teygð eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með réttþyrningslögum	18%	
70.06	00	Steipt, vasað, teygð eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með réttþyrningslögum og slípað eða fagað á yfirborði, en ekki frekar unnið	18%	
70.07		Steipt, vasað, teygð eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skoríð í aðra lögum en réttþyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fagað; marglaga einangrunargler, blýgreiptar rúður og þess háttar:		
	01	Marglaga einangrunargler	50%	35%
	09	Annað	50%	
70.14	01	Lampar og lampaskermar	90%	65%
73.18	32	Pípur til raflagna	25%	
73.27	02	Girðingarnet (einnig plasthúðað) úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	10%	
73.29	02	Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálvír 4—10 mm í þvermál	35%	
73.29	09	Aðrar	25%	
73.40	49	Falli niður.		
73.40	51	Formuð brennsluhólf, kúpaðir hotnar í katla og þrýstiker ..	7%	
73.40	59	Aðrar vörur úr jární eða stáli, ót. a.	70%	
74.03	03	Log- og rafsúðuvír úr kopar	7%	
74.05	01	Þynnur í vatnskassaelement og efni í prentaðar straumrásir	7%	
76.03		Plötur og ræmur úr áli:		
	01	Báraðar eða mótaðar plötur til bygginga	15%	
	09	Annað	0	
82.02	00	Handsagír og sagnarblöð fyrir handsagír og vélsagír, einnig tannlaus sagnarblöð	7%	
82.03	00	Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar	7%	
82.04	00	Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúf-		

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
		stykki); færnanlegar smíðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótunúrir)	7%	
83.07	04	Götuljóssker svo og ljóskastarar með dreifðum geisla til lýs- ingar á útisvæðum	35%	25%
83.07	09	Annað	90%	65%
84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi, ótalin stærð, og loftþjöppur með vinnsluafköstum allt að 2 m ³ á mínútu, hvort tveggja án drifmótora	7%	
84.13		Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti (úðarar), fyrir malað fast eldsneyti og gas; vélkyndarar (mechanical stokers), vélristar (mechanical grates), mekánísk öskuhreinsunartæki og annar svípaður útbúnaður:		
	01	Brennarar fyrir brennsluolíu (residual fuel oil)	7%	
	09	Annað	25%	
84.17	14	Kaffikönnur, steikarpönnur, hitaborð, kaffiteriur, stórela- vélar	25%	
84.17	15	Önnur tæki til veitingarekstrar	7%	
84.40	15	Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavöru	7%	
84.51	01	Ferðarivélar	35%	
84.51	09	Aðrar	35%	
84.52	01	Bókhaldsvélar	35%	
84.52	02	Reiknivélar	35%	
84.52	03	Fétteljarar (stimpilpeningakassar)	35%	
84.52	09	Aðrar	35%	
84.54	01	Áritunarávélar og fjölrítarar	35%	
84.54	09	Annað	35%	
84.55	01	Til ritvéla	35%	
84.55	09	Annað	35%	
84.63	03	Leguhús	14%	
85.12	01	Rafmagnseldavélar, hökunar- og steikarofnar	80%	55%
85.17		Rafmagnsbúin hljóð- eða ljósmerkjataeki (t. d. hringingarbjöllur, flautur, sírenur, merkjakassar eða spjöld, þjófabjöllur, brunaboðar og önnur aðvörunartæki), þó ekki vörur, er teljast til nr. 85.09 og 85.16:		
	01	Brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi og hlutir til þeirra	7%	
	09	Annað	35%	
85.18		Rafmagnspéttar, óbreytilegir eða breytilegir (hverfipéttar):		
	01	Rafmagnspéttar 1 kg eða léttari	7%	
	09	Aðrir	35%	
85.19		Rafmagnstæki til að tengja eða rjúfa straumrásir, til öryggis í rafmagnsstraumrásum og til tengingar við eða í straumrásum (t. d. rofar, liðar, vör, yfirspennuafrásir, yfirspennuliðar gerðir úr spólum og þéttum, eldingarvarar, vartappar, falir, klær, tengiklemmur, tengibreitti og greinidósir); óbreytanleg viðnám og breytiviðnám (þar með spennudeilar), þó ekki hitamótstöður; greinitöflur og stýri- og eftirlitstöflur (þó ekki símaborð):		
	01	Rofar fyrir 0—5 og 30—200 amper og lægri spennu en 500 volt	7%	
	02	Viðnám og spennudeilar	7%	
	03	Falir	7%	
	04	Liðar með snertum fyrir minni straum en 5 amper	35%	
	05	Vör og varhús fyrir minni straum en 5 amper	35%	

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur
	06	Fjöltengi og tengibúnaður fyrir minni straum en 5 amper ..	35%	
	07	Skiptarar	35%	
	09	Annað	35%	
87.14	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og/eða lestunar og aðrir vagnar með áföstum tækjum til jarðræktar (áburðardreifingar, heyvinslu o. þ. h.)	7%	
87.14	03	Falli niður.		
89.01	21	Björgunarbátar úr hvers konar efni eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	
90.01	01	Gleraugnaglar (án ungerðar)	20%	
90.04		Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar:		
	01	Raf-, logsuðu- og hlífðargleraugu	7%	
	09	Annað	50%	
90.23	04	Háhitamælur (pyrometers), flotvogir og rakamælur	7%	
90.24	09	Annað	7%	
90.25	00	Tæki og áhöld til fysískrar og kemískrar greiningar (t. d. ljósskautunarmælur (polarimeters), ljósbrotsmælur (refractometers), ljósrofsmælur (spectrometers), gasgreinitæki); tæki og áhöld til mælingar á fljótanleika, gropinleika, þenslu, yfirborðsspennu og öðru þess háttar (svo sem „viscometers“, „porosimeters“, „expansion meters“); tæki og áhöld til mælingar á magni hita, ljóss eða hljóðs (svo sem ljósmælur (photometers) (þar með „exposure meters“), hitamagnsmælur (calorimeters); smásjárneiðatæki (microtomes))	7%	
90.26	20	Falli niður.		
90.26	21	Mælur til prófunar á tækjum þeim, er falla í nr. 90.26	7%	
90.26	29	Aðrir	35%	
90.27		Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, taxtamælur, kílómetramælur, skrefteljarar og annað þess háttar, hraðamælur (einnig segulmagns) og snúningshraðamælur (tachometers) (aðrar en vörur þær, er teljast til nr. 90.14); snúðsjár (stroboscopes):		
	01	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðamælur (tachometers), segulmagnsmælur, snúðsjár (stroboscopes) ..	7%	
	09	Annað	25%	
90.28	09	Önnur	7%	
90.29		Hlutar og fylgitæki þannig löguð, að þau séu einungis eða aðallega hæf og ætluð til einnar eða fleiri af þeim vörum, sem teljast til nr. 90.23—90.24 og nr. 90.26—90.28:		
	01	Til tækja og áhalda, sem teljast til nr. 90.28.01	4%	
	09	Annað	7%	
92.12	01	Grammófónplötur með íslenzku efni	20%	
97.04	09	Önnur	90%	
97.07	02	Veidistengur	50%	35%
97.07	03	Hlutir í veidistengur, flugur eða tálbeitur	35%	
97.07	09	Annað	50%	35%
98.02	09	Annað	35%	25%
98.07	00	Dagsetningar-, innsigli- og tölusetningarstimplar o. þ. h. (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar	80%	55%

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 31. tl. orðist svo:
 31. Að lækka um allt að 40% gjöld af efni í rafmagnsspenna og rafmótora.
2. 45. tl. orðist svo:
 45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflu-görðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
3. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
 48. Að ákveða, að ýmsar vörur, er bera sama hundraðshluta tolls, í smásendingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4. 50. tl. 3. gr. falli niður. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
 50. Að endurgreiða tollmismun af efnivörum
 - a) til framleiðslu á rafmagnseldavélum og bókunar- og steikarofnum, þannig að tollur verði ekki hærri en 15% af neinni notaðri efnivöru,
 - b) til framleiðslu á rafmagnslýsingatækjum, þannig að tollur verði ekki hærri en 35% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir,
 - c) til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum, þannig að tollur verði ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til nr. 97.07,
 - d) til framleiðslu á tvöföldu gleri, þannig að tollur af rakaeyðingarefni, sem telst til nr. 38.19.19, og af þéttilími, sem telst til nr. 32.12.00, verði ekki hærri en 20%,
 - e) vegna kröfu um aukið hreinlæti er fjármálaráðherra heimilt að endurgreiða fiskiðnaðarfyrirtækjum toll af gólf- og veggflögum (flisum), sem falla undir tollnúmer 69.07.00 og 69.08.00,
 - f) að endurgreiða gjöld af hlutum og efni til sjálfvirks stilli- og stýri-búnaðar fyrir skip og vélar, þannig að tollurinn verði ekki hærri en 7% af notaðri efnivöru eða hlutum.
5. Síðasta málsgrein 51. töluliðar 3. gr. falli niður frá orðunum: „Ráðuneytinu er með auglýsingu“ og út að tölulið 52.
6. Inn komi nýr liður, svo hljóðandi:
 56. Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af borðbúnaði í nr. 69.11 00, 70.13 00, 73.38 11, 73.38 19, 82.09 01 og 82.14 00, sem fluttur er inn af hótél- og veitingahúsaegendum, enda sé varan greinilega merkt og ætluð til veitingarekstrar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um Lífeyrissjóð bænda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lífeyrissjóður bænda og starfar með því markmiði, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbylum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á lögbylum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbylum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Ellil- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal skipaður af landbúnaðarráðherra, einn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og einn af stjórn Stéttarsambands bænda. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Skal annar tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sameiginlega, en hinn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda, skal hann tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við Búnaðarbanka Íslands eða aðra aðila um, að þeir annist reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun, og enn fremur er henni heimilt að ráða umboðsmenn fyrir sjóðinn, þó eigi fleiri en einn í hverju sýslufélagi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánunum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni.

Heimilt er og sjóðsstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðsstjórn heimilt að vikja frá þessu í þeim byggðarlögum, er Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafizt skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki honum rannsókn sú leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans, og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og við álagningu hans skal farið eftir sömu reglum og gilda um búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Í reglugerð skal ákveða iðgjöld og framlög af tekjum af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsvæði og reka. Skal við það miðað, að iðgjald samkvæmt 1. málsg. nemi 4%, en framlag samkvæmt 3. málsg. 6% af þeim hluta þessara tekna, sem talinn er vinnutekjur. Aldrei skal þó reikna iðgjald af veiðileigu.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframléiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsg. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsg. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsg. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlánir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsg. eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsg. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. málsg. en greiða ber, sbr. 2. málsg., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsg. 14. gr. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvара haustið á undan að viðbættum 10%, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

Stig hvers árs reiknast þannig, að deilt skal með grundvallarlaunum ársins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, ef hann hefur greitt iðgjöld af grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 25-föld iðgjöld af grundvallarlaunum að viðbættum 10-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru.

Bóndi, sem greitt hefur iðgjöld af lægri fjárhæð en grundvallarlaunum og sannar, að hann hafi einvörðungu haft atvinnutekjur af búvöruframleiðslu, á rétt á, að stig hans séu reiknuð þannig, að deilt sé með grundvallarlaunum ársins í 35-föld iðgjöld, ef hann hefur greitt iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 35-föld iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum að viðbættum 15-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru. Heimilt er sjóðsstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi hefur að mestu leyti atvinnutekjur sínar af búvöruframleiðslu. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað, en aldrei má beita þessari aðferð lengra aftur í tímann en þrjú ár, reiknuð frá byrjun þess almanaksárs, er umsókn berst.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma, eftir að taka ellilífeyris er hafin.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlazi hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0.4% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur óskertum þeim tekjum, er hann hafði áður, og aldrei skal örorkulífeyrir verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða slæms árferðis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg. r.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðum örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum, sem af 2. málsg. r. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn eftirlifandi maki verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagens, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagens, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lézt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans, ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. og 2. málsg. r., enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Það skal enn fremur vera skilyrði fyrir lífeyrisrétti samkvæmt 2.

málsgr., að tilkynning um sambúð hafi borizt sjóðnum eigi síðar en einu ári fyrir andlát sjóðfélaga.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-fjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 10. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris undanfarandi 6 mánuði, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samantlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, af öðrum ástæðum en veikindum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir, ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafizt sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 14. gr. Eigi endurgreiðsla sér ekki stað og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlazzt samantlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd

iðgjöld þau, sem hann telst sjálfur hafa greitt til sjóðsins (4% iðgjöld), með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 6 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 8. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsg. 7. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum p. a. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og segir í lögum þessum.

Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn, að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess, sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Bændum á lögbylum, sem þar eiga lögheimili og orðnir voru 55 ára 31. desember 1969, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- hafi náð 70 ára aldri og látið af búskap,
- hafi verið bændur á lögbylum í árslok 1967 og átt þar lögheimili,
- hafi áunnið sér réttindatíma samkvæmt 3. málsg.

Nú fellur bóndi, sem uppfyllt hefur skilyrði 1. málsg., frá eftir 31. desember 1969, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. málsg., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsg. 11. gr. um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsg. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbylí og átt þar lögheimili. Haldi maður áfram búskap eftir 70 ára aldur, reiknast sá tími einnig til réttindatíma, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. málsg. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal grundvallarlauna, sbr. 2. málsg. 8. gr., næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 2. málsg. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal ellilífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Skal lífeyrir vera eftirfarandi hundraðshluti nefndra tekna:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris samkvæmt 17. gr.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein, og telst frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr., telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar. Til frádráttar koma enn fremur lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, svo og eftirlaunagreiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema $\frac{1}{2}$ grundvallarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 2. málsg. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um $\frac{1}{2}$ fyrir hvern $\frac{1}{2}$ hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$, skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. greitt að 37.5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62.5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar, er sjóðsstjórnin telur sig þurfa að fá. Jafnframt skulu stjórnir búnaðarfélaganna senda sjóðsstjórn skrá um þá, sem þær telja, að eigi rétt til slíks lífeyris. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna þegar stjórn sjóðsins skriflega, ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðsstjórn krafizt dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 7. málsg. 7. gr., ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess, að tilkynning um hjúskap hefur ekki borizt henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Óvígð sambúð, sbr. 2. málsg. 7. gr., 3. málsg. 11. gr. og 2. málsg. 17. gr., reiknast ekki samkvæmt lögum þessum fyrir tíma, áður en skrifleg tilkynning sjóðfélaga um hana berst stjórn sjóðsins, og skylt er sjóðfélaga að tilkynna á sama hátt, ef sambúð er slitið.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga þau ár, sem hann hefur verið í hjónabandi eða sambúð, skipt að jöfnu.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt 18. gr. skulu þó fyrst eiga sér stað fyrir janúarmánuð 1971 til þeirra bænda, sem þá hafa öðlazzt rétt til þeirra.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð, er ráðherra sá, sem fer með málefni lífeyrissjóða, setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera $\frac{1}{4}$ þess, sem í 7. gr. segir, helmingur árið 1972 og $\frac{3}{4}$ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 7. gr.

Við úrskurðun makalífeyris samkvæmt 18. gr. skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. 21. gr. taka tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, enda berist stjórn sjóðsins skrifleg tilkynning frá hlutaðeigandi bónda eigi síðar en 30. júní 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 1972.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Skulu sauðfjárbaðanir næst fara fram á tímabilinu 1. nóvember til 15. marz, veturinn 1971—1972. Eftir það er heimilt að baða annað hvort ár, en á sama tíma vetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ í Landbroti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Álag á söluvörur landbúnaðarins:

1% árin 1971—1975

0.75% árin 1976—1980

0.50% árin 1981—1985

0.25% árin 1986—1990.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

1. og 2. málslíður 4. töluliðs 4. gr. laganna orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árin 1981—1985 og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta, sem segir í 1. málslíð þessa töluliðs.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna komi ný grein, er verður 23. gr., og breytist greinatalan í samræmi við það, svo hljóðandi:

